



# FRÉTTABLAÐIÐ

## Viðspyrna veikari hér á landi vegna Covid-faraldurs

Fjármálaráðherra ber til baka greiningu fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins um árangur íslenska ríkisins í glímunni við Covid.

bjorn@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL** Viðreisn efnahagslífsins var veikari hér á landi vegna heimsfaraldurs Covid en flestra annarra Evrópuríkja frá síðasta fjórðungi 2019 fram á mitt þetta ár.

Þetta kemur fram í grein fyrrverandi forsætisráðherra, Þorsteins Pálssonar, núverandi áhrifamanns í Viðreisn, í Fréttablaðinu í dag.

Samkvæmt gögnum Hagstofu og OECD sem mæli þessar breytingar, hafi Bandaríkin þegar náð sömu verðmætasköpun og fyrir faraldurinn. Í Kína sé landsframleiðslan orðin meiri en fyrir faraldur. Ísland sé á pari við Spán sem hafi þó orðið fyrir meira áfalli en Ísland. „Ísland er sannarlega í fremstu röð í sóttvörnum. Það er því himinhrópandi þverstæða að við séum á eftir öðrum í efnahagslegri viðspyrnu,“ segir Þorsteinn.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að umfjöllun Þorsteins gefi ranga mynd af þróun mála. Á fjórða fjórðungi 2019 hafi verið bókfærður verulegur þjónustu-útflutningur á vegum lyfjafyrirtækja. Þessi útflutningur skekki myndina og hafi litid sem ekkert með innlend efnahagssumsvif að gera. „Ef við miðum við eðlilegra samanburðartímabil, hvort sem er þriðja ársfjórðungur eða árið í heild,

er sagan allt önnur, þróunin samþærileg eða betri en í öðrum Evrópuríkjum,“ segir Bjarni.

Hann bendir á að í skýrslu OECD síðan í júlí segi að vel hafi gengið og viðsnúningur sé fram undan í efnahagslífinu.

„Okkur hefur gengið einstaklega vel að takast á við efnahagsáfallið. Innlend eftirspurn dróst minna saman á Íslandi árið 2020 en alls staðar í Evrópu, að Danmörku undanskilinni. Þetta er auðvitað sá mælikvarði sem mestu skiptir fyrir heimilinn í landinu,“ segir Bjarni.



### Samkvæmt OECD má vænta viðsnúnings í efnahagslífinu.

Þorsteinn byggir greiningu sína að nokkru á erindi Más Guðmundssonar, fyrrverandi seðlabankastjóra. Már segist ekki leggja mat á stöðuna í dag. Reynslan hér á landi sem og rannsóknir annars staðar, sýni að faraldurinn hafi áhrif á efnahagssumsvif óháð sóttvörnum. Reynslan sýni líka að vel útfærðar sóttvarnir hafi neikvæð skammtímaáhrif á efnahagssumsvif en geti haft jákvæð áhrif til lengri tíma.

„Ísland væri ekki eftirbátur í viðspyrnu Evrópuþjóða ef innistæða væri fyrir staðhæfingum um efnahagslegan stöðugleika,“ skrifar Þorsteinn. **SJÁ SÍÐU 13**

## Ráðhúsið vaktað í kjölfar áreitni

arib@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla vaktaði Ráðhús Reykjavíkur á meðan borgarstjórnarfundur stóð yfir á þriðjudag, eftir að meintur byssu- maður áreiðti varaborgarfulltrúa. Samkvæmt heimildum úr Ráðhúsinu mun maðurinn, sem sakaður

var um að hafa skotið á bil Dags B. Eggertssonar borgarstjóra og höfuðstöðvar nokkurra stjórnmalaflokka, hafa áreiðt Baldur Borgþórsson, varaborgarfulltrúa Miðflokksins. Baldur vildi ekki tjá sig og sagði málið vera í ferli hjá lögreglu.

Alexandra Briem, forseti borgarstjórnar, vildi ekki tjá sig. ■



Ísland tapaði 0-4 fyrir Þýskalandi í undankeppni HM 2022 á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Íslenska liðið átti aldrei möguleika gegn sterku þýsku liði, sem lék það íslenska grátt á köflum. Í viðtali eftir leik tilkynnti Hannes Þór Halldórsson markvörður að hann væri hætur með landsliðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Mmm ...**  
**Safarík vínber eru best núna!**

**Pssst ...**  
Cotton candy  
vínberin eru komin  
takmarkað  
magn

**KRÓNAN**





Innan við helmingur veitingastaða býður ekki upp á mismunandi eldun á hamburgurum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Hakk víða í ólagi og smitað af E.coli

benediktboas@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Alls voru 16 sýni af 64 sem Matvælaeftirlitið tók af nautahakki á veitingastöðum í Reykjavík í september til desember í fyrra, jákvæð af E.coli með meinvirkni- og bindigeni. Þetta kemur fram í skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins, sem tekin var fyrir á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs nýverið.

Alls voru tekin 55 sýni af hamburgurum eða buffi og níu sýni af hakki. Aðeins var verið að greina tilvist bakteríunnar, en ekki magngreina. Þá var tekið eitt sýni af lambahakki og reyndist það jákvætt.

Rekjanleiki matvælananna sem sýni voru tekin af, voru í lagi í 62 prósentum tilfella. Hvað varðar eldun á hakki, eins og hamburgurum, kom í ljós að einungis um 44 prósent veitingastaðanna þar sem sýni voru tekin, bjóða ekki upp á mismunandi eldun. ■

## Bókmenntahátíð í Reykjavík sett



Eliza Reid forsetafrú setti Bókmenntahátíð í Reykjavík í gær. Hátíðin, sem haldin er í fimmtánda sinn, stendur fram á laugardag. Dagskráin fer fram í Norræna húsinu á daginn en í lðnó á kvöldin. Í ár taka átta skáldkonur úr íslenskrri bókmenntasenu þátt í hátíðinni. Þá koma margir erlendir gestir. Eliza sjálf mun einnig kynna bók á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Bessastaðamálið gefi tilefni til að skoða lög um opinbera starfsmenn

bjornth@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Helga Vala Helgadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, segir að henni sé kunnugt um alvarleika kynferðisbrotamálsins innan forsetaembættisins. Hún segir að meintir brotaþolar hafi snúið sér til hennar og átt samtala.

Eins og Fréttablaðið fjallaði um í gær liggur nú kára starfsmanns, sem segist hafa hrökklast úr vinnu hjá forsetaembættinu, á hendur öðrum starfsmanni embættisins, á borði lögreglu. Helga Vala segir eðlilegt að fastanefndir þingsins leyfi lögreglu að ljúka rannsókn. Síðar gæti málið mögulega átt erindi inn í nefndina.

Opinberir starfsmenn njóta mikillar verndar þegar upp koma mál af þessu tagi. Þótt maðurinn hafi áður jatað brot gagnvart tveimur sam-



Helga Vala Helgadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis.

starfsmönnum og þolandi hafi nú kært hann til lögreglu, hefur embættið ekki viljað svara hvort gerandinn sé enn í vinnu.

„Almennt séð er umhugsunarefni hvort svona mál gefi tilefni til að skoða lög um opinbera starfsmenn. Við hljótum alltaf að taka afstöðu með þolendum, Réttur hinna brotlegu til starfs má ekki kaffæra rétt þolenda. Á hinn bóginn verðum við líka alltaf að varast nornabrennur vegna sögusagna,“ segir Helga Vala. ■

## Pokémon-markaðurinn hér veltir milljónum á mánuði

Vinsældir Pokémon-spjalda hafa aukist mjög síðustu ár og eru dæmi um að hægt sé að fá jafnvel milljónir fyrir stök spil.

einarthor@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Pokémon-spjöld ganga kaupum og sölum fyrir háar fjárhæðir hér á landi og eru dæmi um að hægt sé að fá tugi þúsunda króna, og allt upp í 3,5 milljónir, fyrir stök spjöld. Pokémon-markaðurinn hefur verið á mikilli siglingu undanfarin misseri og má segja að svipuð lögmál gildi þar og á rafmynta- markaðnum.

Ásóknin í notuð og ný spjöld hefur verið það mikil að í Glæsibæ er rekin sérstök verslun sem sérhæfir sig í Pokémon-spjöldum. Verslunin, PokeHöllin, er rekin af þeim Gunnari Vali G. Hermannssyni, Reyni Sigurvin Brynjólfssyni, Barða Páli Böðvarssyni og Hlyni Erni Ómarssyni.

Pokémon-fyrirbærið var skapað af Japananum Satoshi Tajiri árið 1995 og hefur í gegnum árin notið mikilla vinsælda í tölvuleikjaheiminum. Sjónvarpsþættir, bækur og leikföng fylgdu í kjölfarið og svo tittnefnd Pokémon-spjöld. Í heimi Pokémon-spjaldanna gildir lögmálið um framboð og eftirspurn, eftir því sem minna er til af ákveðnum spjöldum, þeim mun dýrari eru þau.

Verslunin var opnuð fyrir tilstilli Gunnars, sem hóf að selja úr stóru Pokémon-safni sínu til Evrópu og Bandaríkjanna árið 2017. Gunnar stofnaði Facebook-hóp í október í fyrra og hóf þá að selja íslenskum áhugamönnum Pokémon-spjöld. Þar kynntist hann Reyni og Barða og úr varð að þeir opnuðu verslunina saman. Hlynur bættist síðar í hópinn.

Pokémon-spjöldin hafa lengi



Eigendurnir saman. Frá vinstri, Hlynur, Reynir, Gunnar og Barði, sem reka verslunina saman í Glæsibæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Það er líka gaman að hafa eitthvað flott til að sýna. Það finnst mörgum gaman að koma og halda á og snerta.

Reynir Sigurvin Brynjólfsson.

verið á markaði og nutu mikilla vinsælda hér í kringum aldamótin. „Frá árinu 2016 hefur þetta verið á uppleið og í byrjun Covid varð svo algjör sprenging,“ segir Gunnar.

Í verslun þeirra er hægt að kaupa bæði pakka og svo stök spil sem sum eru gríðarlega verðmæt. Þeir eiga til dæmis spil sem metið er á rúmar þrjár milljónir króna í dag, en umrætt spil er frá árinu 1999 og

er með figúrunni Charizard framan á. Segist Reynir telja að aðeins 117 slík spil séu til í heiminum. Þá eru nokkur spil í versluninni sem eru metin á vel yfir hundrað þúsund krónur. Spilin eru þó ekki endilega öll til sölu.

„Það gæti orðið erfitt að sjá á eftir sumum spilum, en hvað gerir maður ekki fyrir kunnann?“ segir Gunnar og hlær. „Það er líka gaman að hafa eitthvað flott til að sýna. Það finnst mörgum gaman að koma og halda á og snerta,“ bætir Reynir við.

Til eru mörg dæmi um það að íslenskir viðskiptavinir PokeHallarinnar hafi komið með gömlu söfnin sín sem legið hafa lengi í geymslu.

„Já, það er alltaf að gerast og það er skemmtilegast. Það kemur fyrir að þar leynist gullmolar. Það eru líka margir sem koma hingað inn og tala um að mamma þeirra hafi jafnvel hent safninu og verðmætum spjöldum. Við heyrum það mjög oft,“ segir Gunnar. ■

Nánar á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)

**Sjónmælingar eru okkar fag**

Tímamantanir á [opticalstudio.is](http://opticalstudio.is) og í síma 511 5800

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK





Í dag,  
fimmtudaginn  
**9. september**  
kl. 11:00

# Formenn stjórnmalaflokkanna í pallborði ASÍ

Til umræðu verða áherslur ASÍ vegna þingkosninganna 2021 sem kynntar hafa verið undir yfirskriftinni „Það er nóg til“.

Sérstaklega verður rætt um húsnæðismál, heilbrigðismál, menntamál, atvinnumál og afkomu og jöfnuð.



## Það er nóg til



Stjórnandi pallborðsins er Kristján Kristjánsson fjölmiðlamaður.

Umræðurnar fara fram í stóra salnum á Hilton Nordica, Suðurlandsbraut 2. Gestir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Hægt er að skrá sig á þessari slóð: [www.asi.is/pallbord](http://www.asi.is/pallbord)

Atburðinum verður streymt á Facebook síðu ASÍ, á Vísi.is og mbl.is





# Hæstaréttarlögmenn settust í vitnastúkuna

mhj@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Hæstaréttarlögmennirnir Ragnar H. Hall og Gunnar Jónsson gáfu vitnaskýrslu fyrir dómi í gær er Áslaug Björnsdóttir, fyrrverandi fjórðungseigandi og stjórnarmaður í Birni Hallgrímssyni (BH) ehf., Lyfjablóm ehf. í dag, óskaði eftir svörum um rekstur og yfirtöku Glitnis banka á BH ehf. þann 13. ágúst 2008.

Ragnar starfaði um árabíl sem lögmaður BH ehf. ásamt því að sinna ýmsum verkefnum fyrir hluthafa félagsins, þar á meðal Áslaugu. Skýrslutakan var liður í mögulegri málhöfðun núverandi eiganda Lyfjablóms vegna hugsanlegrar skaðabótaskyldrar háttsemi einstakra starfsmanna Glitnis og endurskoðendafyrirtækisins PwC í tengslum við yfirtöku Glitnis á félaginu.



Er verið að undirbúa málsókn á hendur mér eða Mörkinni eða ekki?

Ragnar H. Hall, lögmaður.

Áður en skýrslutakan hófst óskaði Ragnar eftir svörum frá Jóni Þór Ólasyni, lögmanni Lyfjablóms, um hvort spyrja ætti hann um atriði sem hann kynni sjálfur að verða sóttur til bóta eða saka fyrir sem aðili. „Er verið að undirbúa málsókn á hendur mér eða Mörkinni eða ekki?“ spurði Ragnar. Jón Þór sagði að vitnaskýrslan væri ekki liður í slíkum undirbúningi. Ragnar gekkst við því að

hafa gert yfirtökusamninginn og útskýrði fyrir dómi af hverju ákveðið var að fara ekki með félagið í þrot heldur láta Glitni taka það yfir. Vitnaskýrsla yfir Gunnari varð heldur stutt er hann tók það fram að hann hefði aldrei unnið fyrir BH ehf. Var hann krafinn um svör um umboð sem Kristinn Björnsson fékk. Gunnar minntist þess að hafa verið viðstaddur, en sagðist ekki hafa komið að gerð þess. ■



Frá handverkssýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Skella í lás á árinu vegna fjárskorts

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Stjórn Handverks og hönnunar hefur ákveðið að hætta starfsemi vegna viðvarandi fjárskorts og hefur falið framkvæmdastjóra að loka starfsemi fyrir árslok 2021.

Ákvörðun um að loka starfsemi hefur fyrst og fremst áhrif á konur þar sem yfir 90 prósent af starfandi handverks- og listiðnaðarfólki á Íslandi eru konur. ■

## Þriggja ára viðræðum slitið

benediktboas@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Læknafélag Reykjavíkur hefur tilkynnt Sjúkratryggingum Íslands, SÍ, að félagið liti svo á að viðræðum þess við SÍ um samninga við sérfræðilækna væri slitið. Viðræður hafa staðið yfir í þrjú ár og eru öll meginágreiningsefni enn óleyst.

Í tilkynningu segir að Læknafélagið telji einsýnt að margra ára sinnu- og áhugaleysi stjórnvalda um samningagerð við sjálfstætt starfandi sérfræðilækna muni ekki breytast á vikunum sem fram undan eru til kosninga. Þess vegna sé eðlilegast að taka upp þráðinn að nýju þegar ný ríkisstjórn tekur við. ■

# Hraðpróf og sjálfspróf ekki nægilega næm til að greina alla

Yfirlæknir á sýkla- og veirufræðideild Landspítala segir ranga notkun og oftrú á hrað- og sjálfsprófum geta stuðlað að frekari útbreiðslu Covid-19. Mikilvægt sé að þekkja takmarkanir þeirra.

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýkla- og veirufræðideild Landspítalans og prófessor í sýklafræði við Háskóla Íslands, segir mikilvægt að vita hvernig nota eigi hraðpróf og sjálfspróf til að greina veiruna sem veldur Covid-19 ásamt því að þekkja helstu takmarkanir þeirra svo að tilætlaður árangur náist. „Röng notkun og oftrú á þessum prófum getur þvert á móti stuðlað að frekari útbreiðslu veirunnar,“ segir Karl.

Hann segir bæði hraðprófin og sjálfsprófin óáreiðanlegri en PCR-prófin sem að mestu hafa verið notuð hér á landi til að greina veiruna fram að þessu. Sjálfsprófin séu þó einnig óáreiðanlegri en hraðprófin. Helstu takmörkun hraðprófa segir hann þá að þau séu ekki nægilega næm til að greina alla sem eru með Covid-19.

„Næmi prófanna fer eftir veirumagnni í nefkoki. Því meira magn veira, því meira smitandi er viðkomandi einstaklingur og hraðprófið því líklegra til að verða jákvætt,“ segir Karl. „Hjá einstaklingum með mikið veirumagn getur næmið verið allt að 100 prósent, en hjá þeim sem eru með minna veirumagn getur næmið farið vel niður fyrir 50 prósent.“

Karl segir niðurstöðu hraðprófa þá geta veitt falska, neikvæða niðurstöðu. „Falskt neikvæð hraðpróf geta gefið falskt öryggi og við-



Í hraðprófum sem fræmkvæmd eru af aðila með þjálfun fer sýnatökupinninn um tíu sentímetra inn í nefið, alveg aftur í nefkokið. Í sjálfsprófi s fer pinninn einungis 2-4 sentímetra inn í nefið.

MYND/JÓN GÚSTAFSSON



Karl G. Kristinsson yfirlæknir á Landspítala og prófessor við HÍ.

komandi einstaklingar fara þá ekki í einangrun og halda áfram að smita.“

Hraðpróf sem leyfð eru hér á landi skulu fræmkvæmd af heilbrigðisstarfsmanni sem hlotið hefur þjálfun, eða sérþjálfuðum starfsmanni sem fengið hefur sérstaka þjálfun frá heilbrigðisstarfsmanni. Í hraðprófum þarf sýnatökupinn-

inn sem notaður er að fara um 10 sentímetra inn í nefið, alveg aftur í nefkokið, til að ná sýni sem greint er með prófinu. Sjálfsprófin, sem einstaklingar geta fræmkvæmt sjálfir, eru flest gerð fyrir nefstrok og fer þá sýnatökupinninn einungis 2-4 sentímetra inn í nefið.

„Prófeftin eru sambærileg þeim sem notuð eru í almennum hraðgreiningarprófum, en ekki eru gerðar eins strangar kröfur til gæða, innflutnings og sölu og með prófeftin í hraðgreiningarprófin,“ segir Karl.

Þá segir hann tvennt gera sjálfsprófin óáreiðanlegri en hraðpróf sem fræmkvæmd eru af aðila með þjálfun. Sýnin séu tekin frá stöðum

þar sem líklega sé minna veirumagn, þar sem pinninn fer ekki eins langt inn í nefið. Þá hafi prófin ekki verið skoðuð af Embætti landlæknis og fengið leyfi ráðuneytisins og því sé möguleiki á að þau séu ekki eins næm til að greina lítið veirumagn.

„Vegna alls þessa er mikilvægt að þessi próf séu ekki notuð af þeim sem eru með einkenni sem geta samrýmst Covid-19. Allavega má ekki treysta neikvæðri niðurstöðu,“ segir Karl og bætir við að einstaklingar með einkenni Covid-19 eigi að fara í PCR-próf. „Auðvelt er að komast í einkennasýnatöku og RT-PCR próf á Íslandi með pöntunarkerfinu í Heilsuveru.“ ■

KYNNUM NÝJAN JEEP®

# COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

**NÚ FÁANLEGUR Í TRAILHAWK ÚTFÆRSLU**

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR

VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI FRÁ


## 6.699.000 KR.\*

\*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.862.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á JEEP.IS

5 ÁRA ÁBYRGÐ | 8 ÁRA ÁBYRGÐ A DRIFRAFHLOÐU | PLUG-IN HYBRID





**MAXUS**

NÝTT BÍLAMERKI Á ÍSLANDI!

# MAXUS EUNIQ 100% RAFKNÚINN 7 MANNA FJÖLSKYLDUBÍLL

MAXUS EUNIQ ER GLÆSILEGUR FJÖLNOTABÍLL  
SEM KEMUR ÞÉR OG ÞÍNUM HVERT SEM ER Á HLJÓÐLÁTAN  
OG UMHVERFISVÆNAN HÁTT.



Maxus Euniq er glæsilegur 7 manna 100% rafknúinn fjölnotabíll með 356 km drægni innanbæjar og 260 km drægni í blönduðum akstri.

VERÐ KR. **6.690.000**

**MAXUS**  
**100%**  
**RAFKNÚINN**

- 360° myndavélakerfi.
- Isofix festingar fyrir 3 barnastóla.
- Rafopnun á afturhlera.
- Upp að 356 km drægni (WLTP).
- Býðst með toppgrind og dráttarbeisli.



Maxus á Íslandi YouTube

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

[www.vatt.is](http://www.vatt.is)

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

**vatt** ehf



# Útlit fyrir að meðalaldur verði áfram hár meðal þingmanna

kristinnhaukur@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL** Útlit er fyrir að meðalaldur þingheims haldi áfram að verða hár í sögulegu samhengi. Miðað við þá þingmenn sem næðu kjöri í nýjstu könnun MMR, verður meðalaldur þingmanna 49,1 ár en var 49,2 eftir kosningarnar fyrir fjórum árum. Þá hafði hann hækkað um rúmlega tvö ár frá kosningunum árið 2016.

Á undanförunum áratugum hefur

meðalaldurinn aðeins verið hærri eftir kosningarnar 1978 og 1999, en þá slagaði hann hátt í 50 ár. Sumir hafa lýst háum meðalaldri á Alþingi sem áhyggjuefni og sagt hann tilefni til þess að lækka kosningaaldur til að koma röddum ungs fólks að við ákvarðanatöku.

Ef hvert kjördæmi er skoðað yrði meðalaldurinn hæstur í Suðurlkjördæmi, það er 54,2 ár, en lægstur í Norðvesturkjördæmi, aðeins slétt 44 ár. Mestu skiptir þar um að í kjör-



**Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir yrði yngst á þingi og Haraldur Ingi Haraldsson elstur.**

dæminu eru aðeins átta þingsæti og þar mælist Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir inni. Hún er formaður Ungra Framsóknarmanna og yrði langyngsti þingmaðurinn, aðeins 25 ára gömul.

Í Reykjavíkarkjördæmunum yrði meðalaldurinn 46,6 ár í norðri og 47,3 í suðri. Í Norðausturkjördæmi 52,1 ár og 49,8 í Suðvesturkjördæmi.

Enginn þingmaður yrði á eftirlaunaaldri en tíu yrðu á milli sextugs og sjötugs. Aldursforseti yrði

Haraldur Ingi Haraldsson, hjá Sósíalístaflökkinum í Norðausturkjördæmi, 65 ára. Skammt þar á eftir eru Ásmundur Friðriksson og Jón Gunnarsson, þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Lilja yrði sú eina undir þritugu en níu aðrir undir fertugu. Næst yngstar yrðu Una Hildardóttir, frambjóðandi Vinstri grænna, og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómismálaráðherra og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, þritugar. ■



Schumacher var sigursæll ökuþór í byrjun aldarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Schumacher til staðar en breyttur

arib@frettabladid.is

**ÞÝSKALAND** Corinna Schumacher, eiginkona Formúlu1 ökuþórsins Michaels Schumacher, segir að hann sé breyttur en sé enn til staðar. Michael varð fyrir alvarlegum heilaskemmdum í skíðaslysi árið 2013, síðan þá hefur lítið sem ekkert frést af líðan hans. Corinna veitti nýlega viðtal, sem er sjaldgæft, í tengslum við þáttaröð sem sýnd verður á Netflix síðar í mánuðinum. „Michael er hérna enn þá. Hann er öðruvísi en hann er hérna, það veitir mér styrk,“ segir hún. ■

## Talíbanar beittu svipum á konur

arib@frettabladid.is

**AFGANISTAN** Talíbanar beittu svipum á konur sem mótmæltu skertum réttindum í Kabúl, höfuðborg Afganistan, í gær. Ný ríkisstjórn talíbana, hefur boðað harðlínustefnu og meðal annars bannað konum að stunda íþrótti.

CNN hefur eftir mótmælendum að talíbanar hafi einnig beitt svipum á vegfarandur og á blaðamenn sem voru viðstaddir. ■

# Tíðari flug milli Íslands og Færeyja meðal tillagna starfshóps ráðherra

Í nýrri skýrslu um samskipti Íslands og Færeyja eru 30 tillögur til að efla tengsl þjóðanna. Meðal annars tíðari samgöngur og hvernig auka megi nýtingu Færeyinga á heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa á Íslandi.

birnadrofn@frettabladid.is

**UTANRÍKIS MÁL** Í nýrri skýrslu um samskipti Íslands og Færeyja sem unnin var af starfshópi skipuðum af Guðlaugi Þór Þórðarsyni, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, fyrr á þessu ári, eru lagðar fram 30 tillögur til að efla tengsl þjóðanna tveggja.

Guðlaugur Þór segir í skýrslunni að í ráðherratið sinni hafi hann lagt áherslu á samskipti Íslands og Færeyja og beitt sér fyrir því að viðhalda sterkum tengslum þeirra á milli. „Hagsmunir okkar sem fámennra eyþjóða fara oft saman og samvinna í hagsmunagæslu er báðum til gagns. Þá má ekki gleyma að í gildi er fríverslunarsamningur milli Íslands og Færeyja,“ segir Guðlaugur og vísar þar til Hoyvíkursamningsins, viðtækasta fríverslunarsamnings sem Ísland hefur gert.

Tillögurnar sem lagðar eru fram í skýrslunni snúa meðal annars að samgöngum, nýsköpun og menningu. Í skýrslunni eru lagðar til tíðari flugsamgöngur landanna tveggja á milli, sem sagðar eru hafa jákvæð áhrif á samskipti Íslands og Færeyja á sviði ferðaþjónustu og vöruflutninga og á almenn samskipti einstaklinga og fyrirtækja.

„Lagt er til að stjórnvöld beiti sér fyrir gerð fýsileikakönnunar á auknum flugsamgöngum milli Íslands



Með auknum flugsamgöngum geta fleiri dást að fegurð Færeyja, eins og Gásadal. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Hagsmunir okkar sem fámennra eyþjóða fara oft saman og samvinna í hagsmunagæslu er báðum til gagns.**



Guðlaugur Þór Þórðarson.

og Færeyja, í samstarfi við þau flugfélög sem nú sinna flugi á milli landanna,“ segir í skýrslunni. Þá eru þar einnig lagðar til auknar farþegasiglingar og mögulegar siglingar til hafna á suðvesturhorni Íslands.

Tillögur um auknið samstarf á sviði viðskipta, heilbrigðismála og menntamála er einnig að finna í skýrslunni. Þar er lagt til að heilbrigðisfyrirbætur í löndunum geri úttekt á því á hvaða sviðum og með hvaða hætti megi auka nýtingu Færeyinga á heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa á Íslandi.

„Í gildi er almennur samningur milli LSH og Heilsumálaráðs Færeyja um heilbrigðisþjónustu. Það virðist hins vegar sem svo að samstarf á öðrum vettvangi hafi dregist saman, til dæmis á sviði lækninga eða meðferða utan sjúkrahúsa,“ segir í skýrslunni. Þá er lagt er til

að heilbrigðisráðuneytið ásamt heilbrigðisfyrirbæturum í Færeyjum geri úttekt á því á hvaða sviðum og með hvaða hætti megi auka nýtingu Færeyinga á heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa á Íslandi.

Á sviði menntamála er meðal annars lagt til að hið opinbera, félagasamtök og einkaaðilar fjármagnisvísinda- og menntasjóð, að mótaðar verði stuttar skiptinema-áætlanir á framhaldsskólastigi og að útbúið verði námsefni fyrir grunnskóla þar sem fjallað yrði um Færeyjar með heildstæðum hætti og lögd áhersla á tengsl Íslands og Færeyja.

Starfshóp utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skipuðu Júlíus Hafstein sem jafnframt var formaður, Elin Svarrer Wang, Gísli Gíslason og Sif Gunnarsdóttir. Starfsmaður hópsins var Andri Júlíusson. ■

# Íslenskt sauðfé boðið upp í Bretlandi

xxxx

**LANDBÚNAÐUR** Uppboðsstofan Harrison & Hetherington bauð í fyrsta sinn upp íslensk lömb um helgina.

Afar fáir breskir bændur eru með íslenskt fé og aðeins um 300 hreinræktaðir hrútar og kindur til í landinu. Sumir hafa þó blandað íslensku fé saman við aðrar tegundir, svo sem Hjaltlandseyjafé.

Undanfarið hefur íslenskt fé þó vakið athygli í Bretlandi, líkt og í Bandaríkjunum, einkum fyrir eiginleika ullarinnar. Það er hið tvískipta tog og þel.

„Á undanförunum árum hefur áhuginn á íslensku fé rokið upp. Tilgangurinn með uppboðinu er að sjá hver staða tegundarinnar er,“ segir Ruth Stanton, varaformaður félags bændna með íslenskt fé í Bretlandi, við dagblaðið News and Star



Íslenskt fé sækir í sig veðrið í Bretlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**Um 300 hreinræktaðir hrútar og kindur eru í Bretlandi.**

í Vatnahéraðinu. Alls voru boðnir upp 17 gripir.

Félagið var stofnað árið 1988 en fyrsta íslenska féð var flutt inn árið 1979. Tilgangurinn er að viðhalda hreinleika tegundarinnar og útvega áhugasömum kaupendum lömb. ■

**Jólin hefjast á Jómfrúnni**  
Jólamatseðill frá 11. nóvember.  
Kom glad!

Bókanir í síma 551 0100 | jomfruin.is | jomfruin@jomfruin.is



# ESTÉE LAUDER



Þessi glæsilegi kaupauki fylgir ef keyptar eru  
vörur frá Estée Lauder fyrir 9.900 eða meira  
dagana 9.-15. september.

**HAGKAUP**  
*Snyrtivara*



## Liðkar fyrir nýjum sæstreng

helgivifill@frettabladid.is

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, fundaði með kollega sínum á Írlandi um fyrirhugaðan nýjan fjarskipta-sæstreng og mikilvægi þess að leyfismál og annað slíkt gangi vel fyrir sig á Írlandi. „Umræðan á fundinum gaf ekki tilefni til annars en bjartsýni,“ segir hann.



Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra.

Sigurður Ingi segir að á fundinum hafi meðal annars komið fram í samtali ráðherranna að Írar og Íslendingar séu að fást við hvort tveggja sambærilegar og ólíkar áskoranir í fjarskiptum, gagnaveriðnaði og loftslagsmálum sem þeim tengjast.

„Fyrir það fyrsta þá búa hlutfallslega fleiri í dreifbýli á Írlandi en hér á landi, sem gerir þeirra „Ísland ljóstengt“-verkefni hlutfallslega umfangsmeira en hér á landi. Mikill fjöldi stórra gagnavera er þegar á Írlandi og fleiri eru þar á teikniborðinu. Uppbygging gagnavera hefur farið hægar af stað hér á landi. Þá kom einnig fram að raforkuframleiðsla fyrir gagnaver á Írlandi er ekki eins græn og hér á landi.“ ■

# Bílaleigubílum fjölgar til muna

Eftir hnökra á framboðs-hliðinni í byrjun sumars hefur bílaleigubílum farið ört fjölgandi.

thorsteinn@frettabladid.is

Eftir að hafa fækkað um 38 prósent frá því þegar mest var í júlí 2018 þar til í maí á þessu ári, hefur bílaleigubílum fjölgað um 16 prósent frá maí til ágúst. Þetta kemur fram í gögnum sem Samgöngustofa útbjó fyrir Markaðinn.

„Það er ánægjulegt að greinin hafi vaknað til lífsins fyrr en menn þorðu að vona í vor,“ segir Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds.

Fjöldi bílaleigubíla náði hámarki í júlí 2018 en þá voru þeir 27 þúsund talsins. Í kjölfarið fækkaði þeim jafnt og þétt og í byrjun árs 2020 voru þeir um 23 þúsund talsins.

Eftir að kórónuveiran kom til sögunnar og lamaði ferðaþjónustuna seldu bílaleigur töluverðan hluta af flota sínum. Bílaleigubílum fækkaði úr 22 þúsundum í tæplega 17 þúsund á tímabilinu maí 2020 til maí 2021. Eftir fjölgun í sumar eru þeir nú orðnir 19.500 talsins.

Þegar ferðamenn tóku að streyma til landsins af miklum þunga í sumar áttu bílaleigur erfitt með að anna eftirspurninni, sem var meiri en reiknað var með. Einnig voru tafir á afhendingu og framleiðslu á nýjum bílum.

Bílaleigubílum hefði mögulega fjölgað hraðar ef ekki hefði verið

## Fjöldi bílaleigubíla



**Eftirspurnin jókst með stuttum fyrirvara og mun meira en menn höfðu gert ráð fyrir.**

Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds.

fyrir tafir í framleiðslu og afhendingu vegna Covid-19.

„Greinin fór aftur í gang seinni-partinn í júní. Eftirspurnin jókst með stuttum fyrirvara og mun meira en menn höfðu gert ráð fyrir,“ segir Steingrímur.

„Það var allt fullbókað í sumar en nú eiga menn lausa bíla.“

Á síðustu mánuðum hafa bílaleigur bætt töluvert við bílafloann.

Frá því að fjöldi bíla náði lágpunkti í maí – sem fyrr segir voru þeir tæplega 17 þúsund talsins – hefur þeim fjölgað um 2.700.

Í tilkynningu frá Bílgreinasambandinu í gær kom fram að 8.612 nýir fólksbílur hefðu selst það sem af er ári, samanbörð við 6.254 á sama tímabili í fyrra. Bílaleigur hafa keypt 3.710 bíla á fyrstu átta mánuðum ársins samanbörð við 1.646 á sama tíma í fyrra – það samsvarar aukningu upp á 125 prósent milli ára – og hafa því keypt um 43 prósent af öllum seldum fólksbílum á árinu.

Þá hefur leyfishöfum fyrir bílaleigurekstur farið fjölgandi það sem af er ári. Þeir eru nú um 100 talsins en voru 86 í lok árs 2020.

Steingrímur segist bjartsýnn fyrir veturinn miðað við bókunarstöðuna, sem hann telur ásættanlega. „En fyrirvarinn er stuttur, bókunarir berast með einnar til sex vikna

## Stærstu bílaleigurnar

Bílaleiga	Fjöldi ökutækja í ökutækjaleigu
Höldur ehf.	4.997
ALP hf.	2.953
Bílaleiga Flugleiða ehf.	1.942
BLUE Car Rental ehf.	1.518
Bílaleigan Berg ehf.	661
Rent Nordic ehf.	633
Bílaleiga Reykjavíkur ehf.	554
Bílaleigan Geysir ehf.	539
Bílaleiga Kynniferða ehf.	530
Brimborg ehf.	530

fyrirvara, sem veldur því að erfitt er að skipuleggja fram í tímann,“ segir Steingrímur.

Sundurliðun á fjölda bílaleigubíla eftir bílaleigum sýnir að Höldur, leyfishafi Europcar á Ísland, er langstærsta bílaleigan með rétt tæplega 5 þúsund bíla á sínum snærum. Næst kemur ALP, leyfishafi Avis og Budget, með tæplega 3 þúsund bíla og þriðja stærsta bílaleigan er Bílaleiga Flugleiða, leyfishafi Hertz, með tæplega 2 þúsund bíla.

Samdráttur í komu ferðamanna á síðasta ári kom skýrt fram í ársuppgjöri stærstu bílaleiganna.

Tekjur Hölds, stærstu bílaleigu landsins, drögust saman um 25 prósent á milli ára og námu 5,3 milljörðum króna árið 2020. Bílaleigan tapaði 300 milljónum í fyrra samanbörð við 238 milljóna króna hagnað árið 2019. Tekjur ALP drögust saman um 59 prósent á milli ára og námu 1,8 milljörðum króna árið 2020. ALP tapaði 804 milljónum króna árið 2020, samanbörð við 39 milljóna tap árið áður. ■

**Það tekur örfáar mínútur að koma í viðskipti í appinu**

Fyrirtækið þitt getur stofnað til viðskipta á örfáum mínútum í Landsbankaappinu. Þannig færðu strax betri yfirsýn yfir fjármál fyrirtækisins og reksturinn, hvar sem þú ert.

—

ÞAÐ ER LANDSBANKI NÝRRA TÍMA

Hafsteinn og Karitas  
Eigendur HAF Studio




JS WATCH CO. REYKJAVIK  
Sennilega  
Heimsins Minnsti  
Úlra  
Framleiðandi



## ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu [www.gilbert.is](http://www.gilbert.is) eða [www.jswatch.com](http://www.jswatch.com).



JS Watch co.  
REYKJAVIK

GILBERT  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
[www.gilbert.is](http://www.gilbert.is)


Kynntu þér málið á  
[www.jswatch.com](http://www.jswatch.com)







Litafegurðin við suðurströnd Öskjuvatns er með ólíkindum, og má ekki síst þakka rauðlituðu Mývetningahrauni.



Rautt hraungólf Mývetningahrauns tekur sig vel út með brúnaþungum Þorvaldstindi (1.510 m) í baksýn, en hann er hæsti tindur Dyngjufjalla.

MYNDIR/TG

## Rauða gólfíð í Öskju



**Tómas Guðbjartsson**  
hjartaskurð-  
læknir og náttúru-  
unnandi.



**Ólafur Már Björnsson**  
augnlæknir og  
ljósmyndari.

Askja í Dyngjufjöllum lætur engan ósnortinn sem hana heimsækir, enda með stórkostlegustu náttúruperlum Íslands. Óvída á Íslandi hafa náttúruöflin verið jafn virk, sem sést á fjölmörgum eldgosum síðastliðin 150 ár og á einu stærsta berghlaupi á nútíma sumarið 2014. Á síðustu mánuðum hefur land verið að rísa að nýju í Öskju, sem gæti verið vísbending um að hún sé enn og aftur að rumska. Vonandi verða þær ræskingar ekki eins og 1875, en þá tæmdist kvikuhólf undir Dyngjufjöllum skyndilega. Við það myndaðist 11 ferkílómetra stór sigdæld sem varð 220 m djúpt Öskjuvatn. Örstutt frá Öskjuvatni varð til í sama gosi sprengigigurinn Víti, en á örfáum klukkustundum náði hann að spúa ljósbrúnni ösku yfir stóran hluta Austurlands og barst hún alla leið til Skandinavíu. Afleiðingarnar urðu alvarlegur uppskerubrestur í sveitum Norðausturlands. Síðan hafa orðið mörg gos í Öskju en smærri í sniðum. Síðasta gosið var í gjallgígum Vikraborga árið 1961 og rann frá þeim biksvart Vikrahraun í tilkomumiklu gosi. Enn minni gos urðu á árunum 1921-1930, en í einu þeirra 1926 myndadist lítil eyja í Öskjuvatni sem fékk nafnið Askur og í öðru gosi 1921 rann lítið hraun sem fékk nafnið Båtshraun. Mývatnsbændur höfðu sumarið áður rogast með bát inn að Öskjuvatni til að rannsaka það, en þegar þeir komu þangað ári síðar var hann horfinn undir hraun.

Tilkomumest af nýlegum hraunum í Öskju er þó Mývetningahraun frá 1922, en það er suður af vatninu og þekur 2,2 ferkílómetra. Sérkennilega rauður litur þess stingur í stúf við svartan öskjubotninn og heiðblátt Öskjuvatn, sem víða skartar hvítum jarðhitaútfellingum við ströndina. Þarna eru greinileg ummerki áður nefnds berghlaups fyrir átta árum síðan, en þá losnaði 800 m breið spilda úr norðaustanverðum Dyngjufjöllum og steyptist út í vatnið. Olli hún allt að 30 m hári flóðbylgju sem skall á bökkum vatnsins og teygði vatn sig hundruð metra upp á flatlendi Öskju.

Þótt Mývetningahraun teljist utan alfaraleiða er klárlega vert að gera sér leið þangað og berja augum rautt hraungólfíð. Flóðbylgjan hefur slípað það til eins og flísagólf og svört innskotin minna á fúgur. Ekið er frá skála Ferðafélags Akureyrar í Drekkagili að bílastæði við Vikraborgir. Þaðan er fylgt stíkaðri gönguleið að Víti og Öskjuvatni og síðan haldið áfram með fram vatninu vestanverðu að Mývetningahrauni, tæplega 20 km báðar leiðir. ■



Rautt hraungólfíð minnir á rauðlitaðar gólflisar sem eru skreyttar svörtum innskotum sem minna á fúgur.



# VÍTAMÍNDAGAR

9.–15. SEPTEMBER

25%  
AFSLÁTTUR



25% AFSLÁTTUR AF  
NOW, GULA MIÐANUM,  
BIO KULT OG BETTER YOU

nettó



# Mengum mest



Sigmundur Ernir Rúnarsson  
ser@frettabladid.is

Það er umhugsunarefni fyrir Vinstri græn, sem leitt hafa ríkisstjórn á kjörtímabilinu sem senn er á enda, að enn er Ísland sú þjóð innan Evrópska efnahagssvæðisins sem mengar mest. Raunar er þetta áhyggjuefni fyrir umhverfis-sinna í hvaða flokki sem er, en kemur þó kannski verst við kaunin á fyrrgreindum flokki sakir stöðu hans í landsmálum.

Heildarlosunin á gróðurhúsalofttegundum á Íslandi á kjörtímabilinu hefur verið fimm sinnum meiri en meðallosunin í ríkjum Evrópa-sambandsins og rösklega tvöfalt meiri en í Lúxemborg, þar sem losunin er næstmest miðað við höfðatölu.

Veldur hér mestu vaxandi flugrekstur og skipaflutningar á undanliðnum áratug, en heima fyrir standa landsmenn sig líka verr í þessum efnum en gengur og gerist í löndunum í kring. Losun á hvern einstakling frá íslenskum heimilum hefur verið meiri en hjá hinum Norðurlöndunum, en skýringarinnar er einkum að leita í vinsældum einkabílsins hér á landi.

Allt ber hér að sama brunni. Í loftslagsmálum stendur Ísland sig illa.

Og hvað hefur einmitt verið gert í þessum málaflökki á kjörtímabilinu? Stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau hafi uppfært loftslagsmarkmið sín og boði nú 55 prósentu samdrátt í losuninni fyrir árið 2030. En annað er að heyra úr hljóðnemanum. Jafnt forsætisráðherra og umhverfisráðherra hafa sagt í viðtölum við fjölmiðla að samdrátturinn á þessum tíma verði nær 40 prósentum.

Á sama tíma hafa einstök Evrópuríki sett sér mun metnaðarfullri markmið en íslensk stjórnvöld. Noregur stefnir á 55 prósentu minni losun fyrir 2030, Svíþjóð stefnir á 63 prósentu minni losun fyrir þann tíma og Danmörk 70 prósentu. Svo virðist sem á Íslandi eigi að athuga málið. ■




Í loftslagsmálum stendur Ísland sig illa.

## Bæði mörkin

Karlalandslið Íslands í knattspyrnu hefur staðið í stórræðum á síðustu dögum og vikum – í tvennum skilningi, jafnt úti á leikvælinum þar sem leikreglur eru skýrar, en einnig utan vallar þar sem vegið hefur verið að liðsmönnum í hatursfullri orðræðu á víðavangi. Hér verður að staldra við. Það þarf nefnilega að virða bæði mörkin. Þau verða að vera jafn skýr. Í kynferðisbrotamálum skilum við skömminni til gerandans og tölum út um vandann, en höfnum þögguninni. En við skulum ekki alháfa um alla landsliðsmenn okkar af því að það kann að henta umræðunni nú um stundir. Þar verðum við líka að virða mörkin. ■

## Halldór



## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

### Falín pólitik

Stjórnmalabaráttan fer þessa dagana fram á fésbók. Það er varla að frambjóðendurnir hitti mann og annan. Fundunum er ýmist streymt, ellegar að þeir eru súmaðir og tímaðir eins og það heitir á seinni tíma íslensku. Fyrir vikið fer lítið fyrir hasarnum á opnum fundum þar sem Íslendingar með þingmanninn í maganum safnast saman og fara hádulegum orðum hver um annan, milli þess sem troðnar eru illsakir við furðufuglana úti í sal. Núna hittast menn ekki nema inni á fámennustu kosningaskrifstofum sem sögur fara af í stjórnmalasögunni, einmitt til að skrifa eitthvað um sig á fésbók, eitthvað fallegt og vinsamlegt, í þeirri einu von að einhverjum líki við það ...

### Næsta stjórn

Miðað við skoðanakannanir síðustu vikna virðast þrjár möguleikar vera á næstu ríkisstjórn, Katrín Jakobsdóttir haldi áfram með sína stjórn, að miðjustjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar taki við í samstarfi við Pírata, Samfó og Viðreisn, ellegar að hreinræktuð vinstri stjórn haldi um stjórnartaumana á næstu árum með aðkomu Sósíalista, Vinstri grænna, Pírata, Samfó og Flokks fólksins. Og svo það sé bara sagt, þá væri það óskastaða fréttamanna að maður að nafni Gunnar Smári leiddi þá stjórn, en gúrkuleysið yrði þá algert ... ■

## Jafnréttið af jaðrinum



Þórunn Sveinbjarnardóttir leiðir lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Allt frá því að Rauðsokkahreyfingin smyglaði sér inn í 1. maí gönguna með slagorðið „Manneskja ekki markaðsvara!“ fyrir rúmri hálfri öld, hefur sókn kvenna til frelsis hér á landi verið óstöðvandi. Kvennaframboðið og Kvinnalístin breyttu leikreglum stjórnmalanna á níunda áratugnum og færðu umræðuna inn í nútímann. Það var tími til kominn. Nauðganir, sífjaspell og heimilisofbeldi höfðu ekki verið nefnd upphátt á Alþingi fyrir þann tíma. Nýjar hugmyndir um náttúruvernd, stofnun umhverfisráðuneytis, sjálfbærni og gildi ósnortinna víðerna voru settar á dagskrá stjórnmalanna af Kvinnalísta-konum. Baráttan fyrir réttindum hinsegin fólks var borin uppi af konum úr Kvinnalístanum, sem síðar gengu til liðs við Samfylkinguna.

Ómetanleg barátta Samtakanna '78 hefur fært okkur betra samfélag þar sem hinseginleikanum er fagnað. En baráttunni er ekki lokið þótt margt hafi áunnist. Okkur ber til að mynda að styðja kynsegin fólk sem skilgreinir sig utan kynjatvíhyggjunnar og það gerir Samfylkingin sannarlega. Hvers vegna rifja ég þetta upp hér? Vegna þess að allt sem hér er upptalið er hluti af arfleifð Samfylkingarinnar. Arfleifð og baráttumál sem ég er stoltari af en flestu öðru í stefnu míns góða flokks. Það er sem betur fer langt síðan að jafnréttisbaráttan færðist af jaðri stjórnmalanna og mér þætti gaman að heyra frá þeim frambjóðenda sem segðist ekki styðja fullt jafnrétti kynjanna í samfélaginu.

Misréttið í samfélaginu tekur á sig margar myndir. Kynferðisofbeldi er ein sú ljótasta og sú sem hefur mestar langtímaafleiðingar. Það er ólíðandi að þolendur kynferðisofbeldis skuli þurfa að fara til Mannréttindadómstóls Evrópu til að leita réttlætis sem ekki fékkst fyrir íslenskum dómstólum. Engin kerfi eru ósnertanleg og það á líka við um dómkerfið. Þar er umbóta þörf og stóraukins stuðnings við þolendur ofbeldisbrota.

Samfylkingin strengir þess heit að vera áfram sem hingað til í fararbroddi í mannréttinda- og jafnréttisbaráttunni hér heima og á alþjóðavettvangi. Þannig gerum við lífið betra. ■



Engin kerfi eru ósnertanleg og það á líka við um dómkerfið.

Dúkkurúmfið fylgja barnarúmfiðunum

Lin DESIGN www.lindesign.is



# Ísland er eftirbátur

## Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Á undanförunum vikum höfum við fengið fréttir um vöxt í þjóðarbúskapnum. Ísland er að rétta úr kútnum. Það gera líka aðrar þjóðir. Skammtímaaðgerðir Seðlabanka og ríkisstjórna hér heima og erlendis hafa dregið úr því tjóni, sem heimsfaraldurinn hefði ella valdið.

Er þá allt klappað og klárt? Til þess að svara þeirri spurningu játandi þurfum við að sannfærast um að viðspyrna Íslands sé jafn snörp og annarra þjóða.

### Viðreisnin er hraðari í öðrum Evrópuríkjum

Már Guðmundsson, fyrrverandi bankastjóri Seðlabankans, flutti í síðustu viku erindi í Rótaryklúbbi Reykjavíkur um samspil sóttvarna og efnahags. Þar kom fram að viðreisn efnahagslífsins gengur mun betur í öðrum Evrópuríkjum en hér á landi.

Samanburður hans er byggður á gögnum frá Hagstofu Íslands og OECD. Hann mælir breytingu á landsframleiðslu frá síðasta fjórðungi ársins 2019 fram á mitt þetta ár.

Bandaríkin hafa þegar náð sömu verðmætasköpun og fyrir faraldurinn. Í Kína er landsframleiðslan orðin meiri.

Evrópulöndin eru nærtækari viðmiðun fyrir okkur. Hún sýnir að þau Evrópuríki, sem aðild eiga að OECD, vantaði að meðaltali enn tæp fjögur prósent til þess að ná sömu landsframleiðslu og þau höfðu fyrir faraldur.

Íslandi vantaði aftur á móti sjö prósent til þess að ná því marki. Við erum á sama stað og Spánn, sem varð þó fyrir mun meira áfalli. Viðsnúningurinn þar hefur því verið sterkari en hér.

Þessar upplýsingar varpa nýju ljósi á stöðuna.

### Meiri óstöðugleiki

Í leit að skýringum er mikilvægt að horfa á nokkrar lykilstaðreyndir:

Samdráttur í ferðaþjónustu hófst áður en faraldurinn skall á.

Halli var kominn á rekstur ríkissjóðs fyrir faraldurinn. Það gerðist þrátt fyrir methagvöxt og gifurleg framlög erlendra kröfuhafa.

Verðbólga eykst nú víðast hvar. Vandinn er að hér er hún ekki bara langt yfir viðmiðunarmörkum heldur er hraði hennar tvöfalt meiri en í samkeppnislöndunum.

Vextir hækka skarpt. Þeir hækka líka erlendis. Vandinn er að þeir eru miklu hærri hér en í samkeppnislöndunum.

Í nýlegri greinargerð OECD er bent á: Að Ísland er enn langt á eftir öðrum Norðurlöndum og helstu Evrópuþjóðum í nýsköpun þrátt fyrir nýlegan vöxt. Að námsárangur í skólum fari hnignandi. Að Ísland losi meir af kolefnum á hvern íbúa en aðildarþjóðirnar að meðaltali.

### Himinhrópandi þverstæða

Ísland er sannarlega í fremstu röð í sóttvörnum. Það er því himinhrópandi þverstæða að við séum á eftir öðrum í efnahagslegri viðspyrnu.

Viðreisn efnahagslífsins tekur tíma og lýkur ekki fyrir en við höfum aftur náð jafnvægi í ríkisfjármálunum. Á þessum tímamarki þurfum við að horfa lengra fram en sem nemur einu kjörtímabili.

Allur þessi samanburður er skýr

vísbending um að óbreytt efnahagsstefna kunni smám saman að leiða til þess að í sundur dragi með Íslandi og helstu samkeppnislöndunum.


Í nýrri skýrslu greiningafyrirtækisins Analytica fyrir Alþingi um lántökusvigrúm ríkissjóðs kemur fram að 68 prósent líkur eru á að krónan sveiflist upp eða niður um 9 prósent á ári. Það er afar mikill óstöðugleiki.

Forystumenn þekkingar- og nýsköpunarfyrirtækja hafa talið þetta helstu hindrunina fyrir vexti og viðgangi þessarar nýju og mikilvægu stöðar í þjóðarbúskapnum.

### Þurfum alvöru stöðugleika

Ísland væri ekki eftirbátur í viðspyrnu Evrópuþjóða ef inni-stæða væri fyrir staðhæfingum

Árstíðaleiðrétt visitala landsframleiðslu eftir ársfjórðungum, 2019/4=100



um efnahagslegan stöðugleika. Óstöðugleikinn veikir samkeppnisstöðu Íslands. Alvöru stöðugleiki er forsenda fyrir betri árangri.

Okkur er boðið upp á þrjár leiðir í komandi kosningum:

Í fyrsta lagi yfirboð popúlísta-flokkanna lengst til hægri og vinstri. Þau þýða að Ísland fer út af sporinu.

Í öðru lagi óbreytta stjórnarstefnu í efnahagsmálum. Henni fylgir sú hætta að vöxturinn verði hægari en í samkeppnislöndunum.

Í þriðja lagi stöðugleikasamstarf með öðrum Evrópuþjóðum, sem tveir flokkar hægra og vinstra megin við miðjuna tala fyrir. Það eykur líkurnar á að við getum náð þeirri verðmætasköpun, sem við þurfum til að standast samanburð við aðrar þjóðir. ■

# Afsláttardagar Lyfjavers

**20% afsláttur** af almennum vörum  
**10% afsláttur** af lausasömlulyfjum

Gildir **9–12. september**,  
í netverslun og apóteki.  
Frí heimsending um land allt.\*

**Afhendum samdægurs**  
á höfuðborgarsvæðinu  
mán–lau ef pantað  
er fyrir kl. 13:00

\*Frí heimsending ef pantaðir eru tveir lyfseðlar eða verslað er fyrir meira en 9.900 krónur.

**LYFJAVER**

lyfjaver.is  
Suðurlandsbraut 22



# Fárra manna hendur



Jón Steindór Valdimarsson alþingismaður og skipar 2. sæti á lista Viðreisnar í Reykjavík norður.

Virk samkeppni skiptir okkur öll máli. Hún skiptir máli fyrir okkur neytendur vegna þess að á markaði ræðst hvaða vörur og þjónusta standa okkur til boða. Þar skiptir verð og þjónusta sköpum. Það má með sanni segja að það séu mannréttindi að geta búið í samfélagi þar sem samkeppni er virk og aðilar sem selja vöru og þjónustu séu sífellt undir vökulu auga sterks samkeppniseftirlits.

## Versti óvinur neytenda

Fákeppni á markaði, samþjöppun og krossseignarhald fyrirtækja, er verstí óvinur neytandans. Sérlega er skaðlegt þegar það er þoku hulið hvernig þessum tengslum er háttað og hvaða eigendur það eru sem raunverulega ráða för. Til að sporna við þessum óvini þarf sterk bein yfirvalda og samkeppnisyfirlita. Ef það tekst ekki fara þeir sem ráða á markaði sínu fram og kostnaðinn berum við neytendur. Það eru ekki bara neytendur sjálfir sem verða fyrir búsifjum heldur líka önnur fyrirtæki, ekki síst þau smærri, sem geta ekki keppt, eða eru ofurseld þeim sem starfa í krafti fákeppni og eignatengsla. Best er að koma í veg fyrir að einokun, fákeppni og óhöfleg eignatengsl verði til. Stundum kann að vera að erfitt sé að koma í veg fyrir að það gerist þegar markaður er litill. Þá skipta gegnsæi og eftirlit öllu máli.

## Auðlindin okkar er uppspretta auðs

Viðreisn vill gera róttækar breytingar á því hvernig þeir sem nýta okkar verðmætustu auðlind, fiskimiðin við landið, greiða fyrir nýtingu hennar. Það blasir við öllum að nýting hennar hefur verið uppspretta auðs sem þeir sem hafa notið hans hafa nýtt til fjárfestinga vítt og breitt um samfélagið, eða ráðstafað utan landsteinanna. Þeir sem mestar heimildir hafa til nýtingar fiskimiðanna hafa gagnast mikið í skjóli þess aðgangs og þeirra sérkjara sem þeir hafa notið, á grundvelli gallaðs fyrirkomulags á gjaldtöku á þeim verðmætum sem þeim hefur verið veitt heimild til að nýta.

## Óeðlileg itök

Það er óþolandi að þeir sem auðg-

„  
Það er fullreynt að kyrrstöðu- og afturhaldsflokkarnir í íslenski pólitik hreyfi legg eða lið til róttækra breytinga á þessu kerfi.

ast á grundvelli aðgangs að auðlind sem er í þjóðareign, greiði ekki verð fyrir aðganginn sem er í samræmi við verð hans á markaði. Sníðgangi síðan beint og óbeint þær reglur sem hafa verið settar um hámark aflahemilda sem hver og einn má hagnýta. Síðast en ekki síst er ólíandi að það sé þoku hulið hvernig þeim auði sem skapast í greininni er ráðstafað. Þetta allt samanlagt verður til þess að itök í íslensku atvinnulífi og samfélaginu í heild eru að færast hratt á fárra manna hendur. Það er ekki samfélag sem mér hugnast.

## Sterk sérhagsmunagæsla

Þessi þróun hefur ekki orðið fyrir tilviljun. Hún hefur orðið vegna þess að þeir stjórnmalaflokkar sem hafa ráðið för undanfarna áratugi hafa varið með kjafti og klóm núverandi kerfi og þá sérhagsmuni sem það verndar, en hunsað þá almannahagsmuni sem felast í því að veiðiheimildir séu á markaðsverði og tímabundnar. Nýjasta birtingarmynd þessarar hagsmunagæslu er hlægileg tilraun til að breiða yfir itök stórutgerðanna í íslensku atvinnulífi, þegar loks tókst að toga með tóngum frá sjávarútvegsráðherra skýrslu um efnid, sem Alþingi krafðist að frumkvæði Viðreisnar.

## Hingað og ekki lengra

Það er fullreynt að kyrrstöðu- og afturhaldsflokkarnir í íslenski pólitik hreyfi legg eða lið til róttækra breytinga á þessu kerfi. Viðreisn sér hins vegar tækifæri til breytinga með því að setja almannahagsmuni í forgang og að sérhagsmunir verði látnir vikja. Fyrsta skrefið í þeirri vegferð er að aflahemildir verði tímabundnar og verð þeirra ráðist á markaði. Einnig verði upplýst að fullu um eignatengsl og itök sem hafa skapast í krafti auðs sem hefur orðið til í skjóli sérréttinda og við þeim verði brugðist.

Gefðu framtíðinni tækifæri – kjóstu Viðreisn. ■

# Kaupverð frelsis og velmegunar



Dr. Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur.

Hvenær verðum við aftur frjáls og njótum fullra mannréttinda, hvenær getum við aftur skemmt okkur, hvenær getum við aftur ferðast án sovéskra afskipta á landamærunum – og hvenær má gagnrýnin rödd á stjórnvaldsákvæðanir í faraldrinum heyrast á RÚV?

Þetta eru spurningar sem skipta máli fyrir líf okkar og hamingju og sem ríkisstjórnin getur ekki lengur neitað að svara.

## Framtíðarsýn stjórnvalda

Stjórnvöld virðast ennþá biða eftir lausnum lyfjarisanna. Ef sú leið verður farin áfram felur hún í sér að biða til næstu áramóta eftir bóluefnum við þeim afbrigðum sem nú eru þekkt, en þá verða komin ný afbrigði og biða þarf til vors eftir bóluefnum gegn þeim o.s.frv. Þannig verðum við ekki aftur frjáls meðan Covid-19 veiran fer um heiminn, sem sagt, um ófyrirsjáanlega framtíð.

## Afnám frelsishafta

Hins vegar hafa bólusetningar þegar skilað þeim árangri að faraldurinn veldur litlum veikindum. Og í mánuðinum munu bæði Danir og Finnar losna við allar takmarkanir á grundvelli viðtækra bólusetninga. Þeir munu þá væntanlega láta faraldurinn ganga yfir í einhverri mynd og mæta því með öflugri heilbrigðisþjónustu.

Af hverju förum við Íslendingar ekki sömu leið? Er það af því að Landspítalinn hafnar að hjúkra þeim sem eru veikir af Covid-19? Heilbrigðisráðherra verður að bregðast við því með uppsetningu afkastamikillar sóttvarnadeildar utan spítalans. Ekki er hægt að réttlæta frelsishindranir og tekjutap í samfélaginu með því að lækna við Landspítalann neiti að þjóna í faraldrinum, heldur tvöfaldar það verkefni ráðherrans, því honum ber einnig að leysa stjórnunarfæra spítalans. Eftir hverju biður hann?

## Ólögð mætar frelsishindranir

Ósennilegt er að núgildandi frelsis- og mannréttindatakmörkin og ferðatakmörkin á landamærum standist stjórnarskrá og alþjóðasamninga. Svigrúm stjórnvalda til frelsistakmarkana ræðst af því hvað hættan gagnvart lífi og heilsu er mikil, samanber greinargerð Páls Hreinssonar í september 2020. Því þarf að endurskoða aðgerðir gegn faraldrinum þegar áhætta breytist, til dæmis átti að gera það í vetur eftir að viðkvæmir og aldradír höfðu verið bólusettir og aftur í sumar þegar flestir fullorðnir voru

bólusettir. Forsendur fyrir úrræðum stjórnvalda eru gerbreyttar og ekki hægt að láta eins og verkfærakistan innihaldi hvað sem er.

## Opinberar ákvæðanir

Mörg sjónarmið þurfa að koma að opinberri ákvæðanatöku. Af því að stjórn þjóðfélags er ekki farsóttarfræðilegt verkefni, farsóttarfræðinga þarf ekki að kalla til nema í upplýsingaskyni (frekar en eldfjallafræðinga eða jarðskjálftafræðinga); þessir hópar hafa ekki menntun né þekkingu til að taka stjórnvaldsákvæðanir. Slíkar ákvæðanir eru alltaf hápólitískar og snúast um efnahagsleg, félagsleg, menningarleg, lögfræðileg og stjórnsýsluleg markmið og hvernig þjóðfélagi við viljum búa í, hvaða stríð við heyjum til að ná markmiðum okkar og hvaða velferðarstig við viljum.

Ríkisstjórnin valdi að beita lífterror, sem fræðimenn kalla svo, til að fá almenning til að samþykkja og jafnvel kalla eftir beinum frelsishindrunum með lögregluinngrípi og víðurlögum – í þeirri von að lyfjaíðnaðurinn leysti málið hratt og vel og beitti fjölmiðlum fyrir sig.

Þar sem um framkvæmdarvaldsverkefni er að ræða hefði átt að beita hófstílltum aðferðum og fara fleiri leiðir en eina til að mæta óvissunni með egginn í fleiri en einni körfu. Svíþjóð, ríki hinna flóknu lýðræðisreglna, hefur beitt valdinu af meðalhófi og farið fleiri en eina leið, til dæmis að takmarkaða yfirferð faraldursins, setja upp afkastamiklar sóttvarnadeildir, biða eftir bóluefnum og svo framvegis. Svíar hafa hvorki takmarkað ferðafrelsi né málfrelsi.

## Enn er hálflokað

The Economist kallaði í ágúst eftir opnun landamæra. Enn er Ísland samt hálflokað, enn eru skemmtanir að nokkru bannaðar og enn er skólastarfi og atvinnulífi ógnað með sóttkvíum, þar sem rakningum og eftirliti með einkalífi er beitt. Enn liggur sú hótun í loftinu að auknið frelsi innanlands byggist á lokun Leifsstöðvar. Allt þetta þarf að hverfa og ekki síst öll afskipti lögreglu aflífi almennings.

Valkostirnir hafa verið skrifaðir í skýin um nokkra hríð: Við getum lifað eðlilegu lífi í hættulegum heimi baktería og veira, sjúkdóma og dauða, eða búið við skert mannréttindi og minni efni en áður með landamærin lokað eða hálflokað, kannski til langrar framtíðar. Viljum við lifa sem frjáls þjóð í hættulegum heimi? ■

„  
Forsendur fyrir úrræðum stjórnvalda eru gerbreyttar og ekki hægt að láta eins og verkfærakistan innihaldi hvað sem er.

# Veiku bökin bera þyngstu byrðarnar



Viðar Eggertsson í 3. sæti á framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík suður.

Það er ekki allt sem sýnist þegar tekjublöðin birta tekjur fólks og spegla um leið skattbyrðar þessa sama fólks.

Það er fróðlegt að bera saman annars vegar tekjublöð Frjálsar verslunar og DV og hins vegar tekjublað Stundarinnar og skýrslu Stefáns Ólafssonar um kjör almennings, öryrkja og þá einkum þeirra launamanna sem komnir eru á eftirlaun.

Tekjublöð Frjálsar verslunar og DV segja hálf sannleik sem er í rauninni verri en lygi, því hann blindar sýn á raunveruleikann.

Stundin flettir ofan af elítunni sem tekst að nota glufur í skattakerfinu til að komast undan því

að greiða til samfélagsmála, eins og almennir launamenn þurfa hikstalaust að gera. Fjármagnstekjur og arður bera lága skattaprósentu og af þeim greiðir fólk ekki útsvar. Útsvar rennur til sveitarfélaga til að bera ýmislegan kostnað þess sem við borgararnir njótum í daglegu lífi okkar í þeim sveitarfélögum sem við búum og störfum í. Félags- og velferðarþjónusta, menningarlíf, götur, leik- og grunnskóla, svo fátt eitt sé nefnt. Þetta fólk tekur ekki á sig kostnað vegna þessa, en nýtir þó í ómældum mæli á hverjum degi.

## Ríkisstjórnin ofurskattleggur lágtekjufólk

Ríkisstjórnir sem hafa setið frá 2013, síðustu átta ár, sem allar hafa innihaldið sjálfstæðisflokkinn og Framsókn, hafa blygðunarlaust fært kostnað samneyslu okkar og velferðar á veikustu bók samfélagsins: almenna launamenn, öryrkja og eldri borgara. Þessir flokkar hafa aðhyllt nýfrjálsbyggju sem leggur

áherslu á að lækka skatta á hátekjur og fjármagnstekjur.

Það skiptir miklu máli þegar við tölum um kjör þeirra sem standa lakar og mega við litilli efnahagslegri ágjöf, fjölskyldur á almennum vinnumarkaði, öryrkja og eftirlaunafólk. Það sýnir Stefán Ólafsson prófessor glögg og skýrslu sinni, sem hann skrifaði fyrir Eflingu og nefnist Kjör lífeyrisþega.

Þar kemur skýrt fram að: „Skattbyrði þeirra efnameiri var lækkuð og færð yfir á lægst launuðu hópana, þar á meðal lífeyrisþega, og einnig að hluta yfir á millitekjufólk. Þetta er „stóra skattatílfærslan“ sem nýfrjálsbyggjan færði okkur. Þessi þróun hefur staðið meira og minna frá 1995 til 2019. Helsta frávikid er stjórnartími vinstri stjórnarinnar er sat frá 2009 til 2013. Þá var skattbyrði hátekjufólks aukin á ný, en síðari ríkisstjórnir hafa undið ofan af þeim breytingum á ný.“

Stefán vekur athygli á þeirri ótrúlegu skattbyrði sem hefur orðið hjá

eftirlaunafólki. Hann segir í grein í Kjarnanum á dögunum að „hún hafi farið úr 11,9% af heildartekjum árið 1995 í 23,3% árið 2018. Skattbyrðin sem sagt tvöfaldaðist. Hjá örorkulífeyrisþegum (sem hafa lægri tekjur en eldri borgarar) fór skattbyrðin úr um 9,5% í um 21,3%. Þar var aukningin meira en tvöföldun.

Þetta er mjög mikil aukning skattbyrðar – á alla mælikvarða.

Til samanburðar má sjá hvernig skattbyrði hátekjufólks á Íslandi (það er tekjuhæsta eina prósentensins) þróaðist á svipuðum tíma, eða úr 35% í um 26%. Þar lækkaði skattbyrðin um tæplega 10 prósentustig. Þetta var veruleg kjarabót fyrir hátekjufólkið.

## Setjum hlutina í rétt samhengi

Ríkið hefur þannig lagt marga steina í götu þess að lífeyrisþegar hefðu eðlilegar kjarabætur af því að hafa safnað í lífeyrissjóði á starfsferlinum – bæði í formi skerðinga og aukinnar skattbyrði.

Það er nauðsynlegt að skoða skattamál í allri umræðu um lífeyrisgreiðslur almannatrygginga, grunnlífeyri og tekjutengingar. Því allt spilar þetta saman.

Hægt er að bæta kjör þeirra sem minna bera úr bítum með réttlátari skattlagningu.

Eftirlaunafólk og öryrkjar hafa ekki breiðustu bökin og eru að kíkna undan byrðunum sem á það er lagðar.

Við þurfum að fara í rækilega uppstockkun á skattalöggjöfinni og löggjöf um almannatryggingar. Hvoru tveggja til réttlátara samfélags.

Kjör eftirlaunafólks og öryrkja eru ekki það sem er að sliga þjóðfélagið, heldur þeir sem lifa í vellystingum praktuglega og bera litlar byrðar, en njóta þó í einu og öllu alls þess sem við hin leggjum til samfélagsins af kröppum kjörum, svo hér megi ríkja gott samfélag.

Við þurfum mannúðlegri ríkisstjórn. Við þurfum nýja ríkisstjórn. ■



# Að þekkja söguna



**Jón Kaldal**  
félagi í Íslenska náttúruverndar-sjóðnum.

Sósíalistaforinginn Gunnar Smári Egilsson var á miklum villigötum í Fréttablaðinu í vikunni þegar hann hélt því fram að baráttan gegn opnu sjókvíaldri á laxi snúist um að vellauðugir stangveiðimenn óttist að eldið skaði sportið þeirra.

Góð grundvallarregla í blaðamennsku, sem við Gunnar Smári höfum báðir langa reynslu af, er að setja ekki eitthvað á prent sem maður telur að sé rétt, heldur það sem maður veit að er rétt. Og þá er nauðsynlegt að þekkja söguna og kunna skil á staðreyndum um umfjöllunarefnið, frekar en að láta eigin sýn ráða ferðinni.

Og staðreyndin er sú að tekjur af stangveiði eru ein meginstöð landbúnaðar á Íslandi. Þegar landið er tekið í heild eru tekjur af stangveiði 28 prósent af hagnaði og launakostnaði í landbúnaði. Veiðihlunnindi eru sem sagt ein af grunnstöðum tilveru bændafjölskyldna um land allt. Án þessara tekna

þyrfti fjöldi bænda að bregða búi. Á Vesturlandi eru tekjur af stangveiði 69% af hagnaði og launakostnaði í landbúnaði og á Austurlandi er hlutfallið 34 prósent. Þessar tölur koma úr skýrslu sem Hagfræðisstofnun Háskóla Íslands gerði 2018.

„Vellauðugu stangveiðimennirnir“ hans Gunnars Smára, eru sem sagt eins og bestu mjólkurkúrnar í fjósinu. Bændafjölskyldurnar mjólka stangveiðifólkið rétt eins og kúrnar.

Og arðurinn af ám með veiðihlunnindi dreifist með óvenju lýðræðislegum hætti, vegna framsýnna laga sem voru sett fyrir um 90 árum. Lögum samkvæmt skulu eigendur bújarða hafa samvinnufélög um skipulag veiða til að tryggja vöxt og viðgang villtra stofna og sjálfbæra nýtingu þeirra á viðkomandi veiðisvæði. Þessi samvinnufélög dreifa svo tekjunum til bænda.

Jarðeigendur mega ekki selja veiðirétt frá jörð. Hann er bundinn henni svo lengi sem áin rennur þar um og færir eigendum sínar verðmæti á meðan villtir laxastofnar þrífast þar.

Heimili á Íslandi sem fá tekjur af villtum laxa- og silungsstofnum eru um 3.400 talsins. Þau eiga ekki skilið þessar köldu kveðjur Gunnars Smára, né heldur lífríki og umhverfi landsins sem sjókvíaldrið skadar. ■

# Hefur þú enga sómakennd?



**Ásta Kristrún Ólafsdóttir**  
foreldri, sálfræðingur og kennari.

Hvernig sem á það er litið eru viðbrögð borgarinnar til skammar.

Þessi fleygu orð J. Welsh komu upp í huga minn þegar ég frétti að Dagur B. Eggertsson og hans fólk stæði í málaferlum við dreng með Downs heilkenni vegna þess að hann leitaði réttar síns og vann mál gegn borginni í héraðsdómi. Málið tengdist búsetumálum fatlaðra og drengnum voru dæmdar miskabætur.

Í stað þess að lúta dómnum og nýta hann til góðra verka, áfrýjaði borgin til Landsréttar!

Það er freistandi að velja því fyrir sér hvað fólk gengur til þegar það bregst svona við. Það er að visu stórvarasamt að velja sér upp úr því hvað gengur á í hausnum á fólki, en ég ætla að láta það eftir mér í þetta sinn.

1. Veit borgin ekki hve illa hún hefur farið að ráði sínu gagnvart fötluðu fólki? Finnst henni að með þessum dómi sé ómaklega að henni vegið?
2. Er þetta kannski heimska eins og: „af því bara ... af því ég hef rétt á því“?
3. Er ef til vill hefð fyrir því að áfrýja öllum dómum sem eru borginni í óhag – umhugsunarlaust?
4. Getur verið að þetta séu viðbrögð unglingsins sem er staðinn að verki og hefur ekki lært að axla ábyrgð á gjörðum sínum og stekkur þess vegna í vörn?
5. Er möguleiki að þetta sé hrein mannvonska og fordómar í garð fatlaðra? Er hugsanlegt að borginni þykir bara allt í lagi að draga fatlað fólk á asnaeyrunum og bjóða því upp á óbærilega óvissu árum og áratugum saman?
6. Getur verið að borgin sé hrædd

við hugsanlega uppreisn fatlaðra? Heldur borgin að ef hún grípi ekki til varna, muni her fatlaðra rísa upp og krefjast réttar síns?

7. Snýst þetta um peninga? Öttast borgin að þurfa að greiða fleirum miskabætur?
8. Er borgin kannski að vinna sér inn tíma? Tíma til að hnoða saman reglum sem gætu haft áhrif á niðurstöðu Landsréttar?
9. Er þetta sært stolt? Er borgin spæld yfir að hafa tapað málinu?
10. Getur verið að þeir sem tóku þessa ákvörðun hafi bara enga sómakennd?

Hvernig sem á það er litið eru viðbrögð borgarinnar til skammar. Við sem þekkjum til þessara mála vitum og höfum lengi vitað, að búsetumál fatlaðra eru í klessu og verklagið við úthlutun ömurlagt.

Við höfum líka lengi vitað leyndarmálið sem nú hefur verið afhjúpað, eða það að „biðlistar“ eftir búsetu er kjafað. Það eru engir biðlistar, bara biðhit.

Það er ágætt heilræðið sem segir að sé maður kominn ofan í holu þá sé rétt að hætta að grafa. Það á vel við hér. Borgin er í djúpri holu og heldur áfram að grafa. Með því að áfrýja dómi héraðsdóms hefur hún grafið sig enn dýpra og hugsanlega sína eigin gróf. ■

## VINNINGASKRÁ

9. flokkur 2021  
Útdráttur 7. september 2021

**HAPDRÆTTI**  
Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000					AUKAVINNINGAR kr. 100.000											
58024					58023	58025										
PENINGAVINNINGAR kr. 500.000																
3591	6367	7054	23220	29079	30218	46020	63308	70039	76009							
PENINGAVINNINGAR kr. 100.000																
1371	4259	8772	15477	20868	23484	35565	40333	44642	49063	54651	63385	68806	74993	79983		
1444	4628	8848	16367	20910	26913	35659	40974	45016	49182	55363	64389	69746	75618	80000		
1601	4771	9309	18055	21691	27702	36590	42184	45405	51111	55659	65014	70225	75679			
1879	5643	10389	18345	22361	30131	36828	42750	46702	51583	56392	65371	71608	77703			
2392	6319	11816	18510	22512	31026	37261	43348	46882	52394	57387	65463	71777	78026			
3432	7161	12018	19646	22994	31169	38431	43961	47817	52739	58954	65653	72274	78146			
3709	7388	13576	20247	23347	31795	39449	44593	48496	54266	61810	66554	74051	79049			
PENINGAVINNINGAR kr. 50.000																
258	3210	5919	8529	14210	17600	23771	27742	31974	36411	41951	47474	54395	60942	65440	69210	76134
329	3262	6203	9575	14404	17686	23776	28515	33364	36660	42087	47897	54502	60986	65540	69324	76447
507	3313	6291	9630	14767	18046	24124	29207	33691	36859	42591	48872	55588	60999	65629	70677	77249
1044	3614	6340	9840	15324	18166	24535	29236	33696	37778	43321	50562	55771	61139	65632	70868	77585
1069	3907	6668	10977	15795	18301	24866	29559	34224	38015	43967	50605	55916	61524	66083	72065	78110
1447	4311	6715	11329	16571	18816	25006	29858	34332	38664	45461	50858	56286	61553	66194	72109	78274
1646	4345	6926	11435	16596	19169	25120	30256	34688	38733	45808	51392	56531	62000	66934	72453	79472
1703	4442	7050	12003	16954	19162	25637	30291	34908	39011	45871	53066	58628	62817	67030	73763	79699
2230	4959	7340	12933	17169	19929	26440	30757	35325	39898	45949	53200	57378	63122	67031	73877	
2528	5264	7346	13164	17447	20653	26775	30758	35623	39946	46013	53891	58284	63841	67487	74423	
2578	5325	8280	14059	17554	21362	26869	30932	36105	40959	46033	53996	59090	64369	68429	76011	
2593	5722	8525	14105	17580	21799	27263	31792	36296	41271	47437	54168	60771	64834	68528	76095	
VÖRUÚTTEKT kr. 30.000																
131	4402	8567	13900	19443	23921	27988	34606	38840	44329	49403	53111	58222	63070	68239	73091	77590
330	4585	8779	13915	19456	23963	28005	34670	39013	44335	49455	53165	58311	63151	68520	73171	77820
351	4645	8828	14045	19495	24026	28150	34673	39035	44522	49538	53379	58393	63426	68541	73194	78415
446	4687	8847	14223	19722	24210	28503	34727	39179	44560	49553	53394	58450	63660	68692	73290	78464
456	4716	9022	14543	19739	24432	28986	34771	39412	44740	49663	53395	58460	63665	69126	73445	78569
467	4778	9088	14548	19748	24457	29055	34778	39560	44799	49684	53396	58475	63891	69227	73561	78924
482	5089	9320	15078	19875	24527	29118	34837	39569	44952	49745	53601	58641	63973	69328	73593	78931
516	5103	9449	15183	19976	24541	29172	34845	39825	44962	49826	53723	58650	63988	69337	73698	78990
636	5294	9541	15184	20130	24578	29488	34855	39964	44974	49884	53739	58843	64138	69577	73700	79178
690	5399	9856	15246	20365	24680	29735	34888	40325	45447	49987	53863	58881	64277	69713	73778	79546
891	5480	9904	15385	20567	24691	30069	35087	40518	45481	49995	53985	58997	64477	70006	74256	79585
1046	5598	10023	15526	20587	24784	30115	35263	40540	45637	50196	54108	59026	64489	70176	74257	79881
1174	5608	10028	15532	20704	24915	30184	35306	40758	45882	50468	54125	59187	64530	70328	74300	
1179	5648	10367	15569	20727	24949	30527	35310	40845	45922	50582	54303	59217	64558	70556	74395	
1239	5918	10483	16122	20782	25103	30732	35434	40919	45969	50595	54488	59366	64761	70597	74579	
1299	6085	10495	16190	20963	25170	30764	35458	40975	46059	50620	54747	59406	64861	70663	74611	
1352	6128	10531	16206	20974	25421	30895	35470	41096	46222	50636	54861	59616	64868	70675	74812	
1435	6133	10547	16215	21039	25632	30982	35496	41222	46299	50645	54936	59626	64921	70761	74853	
1461	6330	10693	16248	21085	25691	31134	35595	41402	46499	50694	55009	59884	64977	70808	74923	
1658	6672	10713	16319	21125	25722	31308	35700	41628	46547	50856	55042	59895	65074	70974	75556	
1799	6721	10851	16442	21218	25744	31383	35867	41875	46572	50864	55283	60052	65214	71098	75596	
1869	6798	10888	16475	21300	25962	31413	36166	41980	46579	50986	55308	60180	65405	71172	75764	
1907	6922	10926	16577	21488	26055	31591	36175	41986	46635	51171	55481	60219	65520	71366	75821	
1919	7025	10969	16580	21704	26153	31940	36275	42001	46712	51181	55596	60249	65535	71572	75909	
2031	7039	11118	16822	22165	26295	32008	36317	42107	46879	51192	55669	60473	65593	71707	75984	
2086	7080	11318	16910	22230	26443	32169	36523	42342	46993	51411	55681	60710	65643	71783	76085	
2141	7187	11355	16932	22273	26612	32467	36756	42394	47088	51415	55708	60902	65649	71831	76132	
2160	7235	11467	17004	22347	26733	32477	36804	42456	47373	51504	55811	61200	65656	71855	76290	
2289	7245	11757	17643	22632	26951	32481	37076	42524	47444	51533	55876	61253	65675	71992	76383	
2415	7527	11881	17781	22647	26959	32889										





Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma, **Birna Rut Guðjónsdóttir** Kirkjuvegi 31, Vestmannaeyjum, lést á heimili sínu Hraunbúðum, miðvikudaginn 1. september. Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 11. september kl. 13.00. Athöfninni verður streymt á heimasíðu Landakirkju, [www.landakirkja.is](http://www.landakirkja.is).

**Aðalheiður Svanhvít Magnúsdóttir** **Eggert Sveinsson**  
**Gíslína Magnúsdóttir** **Gísli J. Óskarsson**  
**Magnea Ósk Magnúsdóttir** **Daði Garðarsson**  
barnabörn og langömmubörn.



Okkar yndislegi og ástkæri **Grettir Grettisson** rafíðnfræðingur, Ólafsgaia 20a,

lést í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn 6. september á líknardeildinni í Kópavogi. Útförin fer fram fimmtudaginn 16. september frá Langholtskirkju, kl. 13.

**Jenný Stefania Jensdóttir**  
**Jens Grettisson** **Kolbrún Eva Sigurðardóttir**  
**Íris Rut Grettisdóttir** **Mosi**  
**Jenný Stefania Jensdóttir** og **Benjamín Darri Jensson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Ólína S. Guðmundsdóttir** frá Grenivík í Grimsey,

lést á Landspítalanum mánudaginn 6. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Erlendur Geirdal** **Kolbrún Matthíasdóttir**  
**Guðmundur Gísli Geirdal** **Linda Jörundsdóttir**  
**Halldóra Sæunn Sæmundsdóttir**  
ömmu- og langömmubörn.



Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi, **Ólafur Arnar Ólafsson** (Óli stormur) fv. lögreglumáður og skipstjóri,

lést þann 14. ágúst á sjúkrahúsinu Akranesi. Útför verður frá Stykkishólmskirkju þann 13. september klukkan 14. Útförin verður send út í streymi á [www.stormur.lognid.is](http://www.stormur.lognid.is)

**Ólafur Björn Ólafsson** **Jolanta M. Glaz**  
**Þorsteinn Bjarki Ólafsson** **Tatiana Malai**  
**Bent Russel** **Helga Ingibjörg Reynisdóttir**  
**Rúnar Russel** **Tuti Ruslaini**  
**Frank Russel**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Sigurrós Unnur Sigurbergsdóttir** (Rósa)

Lindargötu 57, áður Laugarásvegi 60, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi þann 6. september síðastliðinn. Alúðarþakkir færur við starfsfólki Vitatorgs, Múlubæjar og bráðaöldrunarlækningadeilda B4 á Landspítalanum í Fossvogi, fyrir kærleika, stuðning og umönnun. Útförin fer fram frá Áskirkju, fimmtudaginn 16. september klukkan 13.00.

**Guðmundur Gunnarsson** **Margrét María Þórðard.**  
**Oddný Sigurborg Gunnarsdóttir**  
**Gunnar Steinn Gunnarsson** **Berit Solvang**  
**Einar Örn Gunnarsson** **Margrét Stefánsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



Dagrún segir speglun þjóðsagnanna við samtímann oft sterka.

FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

## Varpar ljósi á kynbundið ofbeldi í þjóðsögunum

Dagrún Ósk Jónsdóttir, doktorsnemi í þjóðfræði, flytur erindi á Landnámssýningunni í dag sem ber heitið Kynbundið ofbeldi í íslensku þjóðsögunum. Viðburðurinn er hluti af doktorsverkefni Dagrúnar þar sem hún rannsakar birtingarmyndir kvenna í þjóðsögunum, en í kvöld mun hún einblína á hvernig kynbundið ofbeldi birtist þar.

[arnartomas@frettabladid.is](mailto:arnartomas@frettabladid.is)

„Þetta er ekkert svo algengt í þjóðsögunum því þetta voru mál sem var ekki mikið talað um á þessum tíma,“ segir Dagrún. „Þau tilfelli þar sem það birtist varpa þó mjög góðu ljósi á hvernig var hugsað um þetta á þessum tíma, og þau þemu sem birtast þarna sjáum við ennþá í umræðunni í dag. Ad sjá þetta í þjóðsögunum sýnir kannski hversu gamlar og rótgrónar sumar þessar hugmyndir eru.“

### Speglun við samtímann

Dagrún, sem rannsakaði þjóðsögur í útgefnum söfnum frá 19. og 20. öld, segir að það geti skipt máli hver segi frá.



**Ad sjá þetta í þjóðsögunum sýnir kannski hversu gamlar og rótgrónar sumar þessar hugmyndir eru.**

„Langflestum þjóðsögum er safnað og þær gefnar út af körlum, en við erum svo heppin að eiga eitt þjóðsagnasafn sem er safnað af konu, en það er safn Torfhildar Þ. Hólm,“ segir Dagrún og bætir við að safn Torfhildar sé aðeins öðruvísi. „Þar fáum við fleiri sögur af heimilisofbeldi en í hinum söfnum. Þar birtast líka aðeins önnur sjónarhorn, til dæmis eina dæmið um konu að tala við konu.“

Aðspurð segir Dagrún að eitt og annað hafi komið sér á óvart við rannsóknina. „Það sem kom mér kannski leiðinlega á óvart var hve sterk þessi speglun við samtímann var og raun ber vitni.“

Þá segir hún að einnig hafi komið á óvart að skoða niðurstöðurnar ekki einvörðungu út frá kyni heldur einnig stétt. „Við gætum vel ímyndað okkur að þá eins og alltaf hafi ofbeldi gagnvart konum sem tilheyra jadarhópum verið algengara en ekki, en það er ekki raunin í þjóðsögunum,“ segir hún. „Það eru iðulega konur af efri stéttum, bændadætur eða prestsdætur sem lenda í ofbeldi. En það segir okkur kannski líka að það hafi þótt frásagnarverðara en hitt.“

### Óvæntur kynjavinkill

Dagrún hefur lengi haft áhuga á dökkum hliðum menningararfsins en hún skrifaði BA-ritgerð sína um mannát í þjóðsögunum. „Þaðan spratt upp áhugi minn á birtingarmynd kvenna í þjóðsögunum, því þar er mjög óvæntur kynjavinkill,“ útskýrir hún. „Þar eru yfirleitt konur, tröllskessur, sem borða saklausa karlmenn. Svo skrifaði ég meistaraverkefnið mitt um andaglas í samtímanum og unglunga sem fara í andaglas.“

Viðburðurinn hefst klukkan 17 í kvöld og er gjaldfrjál. Dagrún hvetur öll þau sem hafa áhuga á þjóðsögunum og kynjafnrétti til að koma við. ■



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur stuðning og hlýhug við fráfall elsku eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa, **Jens Jónssonar** húsgagnabólstrara,

sem lést 9. ágúst síðastliðinn. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki hjartadeilda Landspítalans fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Valdís Kristmundsdóttir**  
**Jón Kristinn Jensson** **Sigrborg M. Guðmundsdóttir**  
**Sigríður Jensdóttir** **Axel Þórir Alfreðsson**  
**Lára Jensdóttir** **Einar Stefánsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi, **Kristján Lárus Sæmundsson** frá Teigi í Hvammssveit, Dalasýslu, Gerplustræti 17, Mosfellsbæ,

verður jarðsönginn frá Guðriðarkirkju í Grafarholti, mánudaginn 13. september klukkan 13.00.

**Guðrún Einarisdóttir**  
**Einar Þórir Kristjánsson** **Úlfhildur Rögnvaldsdóttir**  
**Sigrún Kristjánsdóttir** **Pálmi Bjarnason**  
**Kristján Rúnar Kristjánsson** **Anna Sigurðardóttir**  
**Gísli Kristjánsson**  
**Guðjón Ingi Kristjánsson** **Brá Guðmundsdóttir**  
barnabörn og langafabörn.





FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

*Bariloche*  
Made in Spain

T I N T A  
MADE IN SPAIN




Anna Þórisdóttir og Guðbjörg Hjálmarsdóttir hafa starfað hjá Bernharð Laxdal í mörg ár og veitt fjölda kvenna góða og persónulega þjónustu, en það er eitt-hvað sem verslunin leggur mikið uppúr.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON



Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu



Heilsan er dýrmætust  
[www.eylif.is](http://www.eylif.is)


## Kápubúð Íslands með meiru

Kvenfataverslunin Bernharð Laxdal bætir við tveimur spennandi merkjum frá Spáni. Kvenleiki og glæsileiki er í fyrirrúmi, líkt og hjá öllum merkjum sem verslunin býður upp á. **2**





Þessi rauði Bariloche-jakki er fullkominn í haust.



Bariloche er spænskt merki og kemur með lit í tilveruna.



Reiðfatalúkkið kemur sterkt inn í haust og þessi jakki smellpassar.



Jakkarnir frá Bariloche eru fallegir og einstaklega klæðilegir. Köflótt er líka alltaf klassískt.



Mynstrið á þessari skyrtu er bæði fallegt og svolítið gæjalegt.



F.v. Brynja, Anna, Lilja, Guðrún, Hjördís og Guðbjörg starfa allar í versluninni.



Þessi bleiki, köflótti jakki verður flottur í haust og vetur.



Skyrturnar frá Bariloche eru skemmtilegar og einstakar.



Klossuð stigvél eru frábær leið til að klæða þennan Bariloche-kjól aðeins niður fyrir hversdagslegri tilefni.

Hin fornfræga kvenfataverslun Bernharð Laxdal er nú 83 ára og hefur í allan þann árafjölda staðið fyrir sínu sem ein glæsilegasta kvenfataverslun Íslands. „Í gegnum árin hefur áherslan alltaf verið á að bjóða upp á hágæða fatnað sem stenst tímans tönn. Við höldum okkur við þau fatamerki sem standa fyrir sínu og konur vita að hverju þær ganga þegar þær koma til okkar.

Það þýðir þó ekki að við hræðumst tiskuna enda bættum við nýverið við tveimur glæsilegum fatamerkjum, Bariloche og Tinta, sem koma frá Spáni. Um er að ræða einstaklega dömulegan og fallegan fatnað fyrir þær sem vilja vera flottar við öll tækifæri. Áherslan er á kvenleg snið, aðskorna jakka, skyrtur og blússur með pífum og alls konar fallegum smáatriðum.

Við hjá Bernharð Laxdal bjóðum upp á fallegan og sigildan kvenfatnað á breiðu verðbili og því ættu allar konur að geta fundið eitthvað hér,“ segir Guðbjörg Hjálmarisdóttir, rekstrarstjóri Bernharðs Laxdal.

#### Kápuþúð Íslands með meiru

„Aðaláhersla kvenfataverslunarinnar Bernharð Laxdal hefur verið á að bjóða íslenskum konum upp

á hágæða yfirhafnir. Við höfum verið að selja konum yfirhafnir í yfir 80 ár og höfum stimplað okkur rækilega inn sem kápuþúð Íslands.

Í dag erum við að selja mikið af dúnúlpum í ýmsum útgáfum, með eða án skinna. Dúnúlpurnar eru enda guðsgjöf þegar fer að hausta. Við erum með allar síddir, stuttar, millisíðar og svo alveg síðar. Dúnúlpurnar eru að koma einstaklega sterkar inn, enda virkilega fallegar og notalegar á köldum vetrardögum. Þar bjóða Junge og Fuchs Schmitt, Saki og fleiri upp á gott úrval af ýmsum síddum og gerðum. Ásamt dúnúlpum erum við einnig með fallega rykfrakka, regnjakka og ullarkápur frá Fuchs Schmitt.

Svo erum við með hágæða ítalskar ullarkápur frá Cinzia Rocca, sem eru flaggskipið okkar og fallegar á öllum konum. Kápurarnar eru úr eðalull, sumar með kasmír eða dýrindis alpakaull. Kápurarnar eru físléttar, stílhreinar og sérlega klæðilegar. Þá eru margar konur að taka skinnkraga með, úr ýmist refaskinni eða af þvottabirni.“

#### Glæsilegur kvenfatnaður

Kápur og yfirhafnir eru ekki það eina sem Bernharð Laxdal er með fyrir kvenþjóðina. „Stærsta fata-

## Bariloche og Tinta koma frá Spáni. Um er að ræða einstaklega dömulegan og fallegan fatnað fyrir þær sem vilja vera flottar við öll tækifæri.

merkið okkar er Gerry Weber og höfum við boðið upp á það í tugi ára. Þetta er þýskt gæðamerki og við eigum marga fastakúnnu sem líkar við tiskusniðin frá Gerry Weber. Þessar flíkur og snið henta enda sérstaklega vel konum sem búa á norðlægum slóðum. Einnig erum við með Taifun-merkið sem er yngri línan frá Gerry Weber.

Hver kona þarf að eiga að minnsta kosti eina fallega svarta eða dökka dragt í fataskápnum. Við bjóðum upp á glæsilegar og sigildar svartar og dökkbláar dragtir frá Gerry Weber sem við köllum „basic“ dragtir. Þessar er afar einfalt að klæða upp eða niður með pinnahælum eða smart strigaskóm, allt eftir því hvert til-

efnið er. Þá er hægt að kaupa jakka, buxur eða pils í ýmsum sniðum sem passar allt saman. Þessar hafa verið mjög vinsælar hjá konunum í Oddfellow og Frímúrurinum.

Gardeur er svo besta fatamerkið þegar kemur að buxum. Þeir sérhæfa sig í að hanna buxur sem henta kvenlíkamanum einstaklega vel. Gardeur býður upp á gífurlega breidd í buxnasniðum og efnavali og er með allt frá hversdagslegum þröngum gallabuxum og leðurlíkisbuxum upp í sparilegar dragtarbuxur og jafnvel útvíðar.

Betty Barclay-merkið býður upp á æðislegar kvenlegar flíkur á hagstæðu verði. Meðal þess sem hefur verið hvað vinsælast eru þykkar dúnkápur sem munu halda okkur funheitum í allan vetur.

Það má ekki gleyma glæsikjólunum frá kanadíska merkinu Frank Lyman. Eftir samkomutakmarkanir eru konur margar farnar að hlakka til að punta sig upp að nýju fyrir viðburði haustsins og þá eru Frank Lyman-kjólarnir þeir alflottustu. Þetta eru sérlega fallegir og grand eðalkjólur sem gaman er að klæðast við hin ýmsu tilefni.

Fylgihlutirnir eru svo ekki síður mikilvægir þegar kemur að því að klæða sig upp. Þá erum við hjá

Bernharð Laxdal með gott úrval af veskjum og beltum, silklæðum og klútum sem setja punktinn yfir i-ð,“ segir Guðbjörg.

#### Netverslun

Í vefverslun Bernharðs Laxdal er hægt að nálgast margar af flíkunum sem finna má í versluninni. „Margar nýta sér það að skoða á netinu fyrst og koma svo og mæta í búðinni enda njóta þær þá okkar persónulegu þjónustu sem við í Bernharð Laxdal erum fyrir löngu orðin fræg fyrir. Að sjálfsögðu er svo hægt að versla við okkur beint af netinu. Þá bjóðum við ýmist upp á að fólk sækir til okkar í verslun samdægurs eða nýti sér fría heimsendingarþjónustu innanlands.“

Bernharð Laxdal er að Skipholti 29b. Nánari upplýsingar í vefverslun, laxdal.is.

*Bariloche*  
Made in Spain  
**TINTA**  
MADE IN SPAIN



Ný sending  
**BITTE KAI  
RAND**

1 9 8 1



*hjá*  
**Hjahrafnhildi**



# Litríkur og skemmtilegur karakter



Mörgum þykir Shai Gilgeous-Alexander, leikmaður körfuboltaliðsins Oklahoma City Thunder í NBA-deildinni í Bandaríkjunum, vera best klæddi leikmaður deildarinnar.

starri@frettabladid.is

Þessi 23 ára bakvörður byrjaði með stæl í nýliðavalinu sumarið 2018, en þar mætti hann í ljósgrænum jakkafötum skreyttum grænum blómum. Hann heldur úti vinsælli Instagram-síðu, @shai, þar sem hann birtir meðal annars myndir úr fataskápnum og er óhætt að segja að hann hafi bæði litríkan og skemmtilegan stíl. Kíkjum aðeins á úrvalið hjá þessum skemmtilega leikmanni. ■




Ekkert að því að klæðast Lakers-jakka þótt maður spili með öðru liði.



Stórkostlegur jakki í nokkrum litum.



Skrautlegar reimarnar breyta öllu.



Skærliðuð peysan passar við appelsínugulu gleraugun.



Grænar og brosandi buxur sem vekja örugglega athygli hvert sem hann fer.

SKJÁSKOT/  
INSTAGRAM



Grátt og hvítt tónar vel við glæsi-kerruna sem hann keyrir á.



Lillablái liturinn spilar stórt hlutverk hér.



2Pac bolur og litfagar gallabuxur.



Hver væri ekki til í að eiga eitt svona par?

**NÝ SENDING & ENN MEIRI ÚTSALA**

**Tiskan**  
comma, MaxMara BRAX  
Skiptólf 21 | Sími 551 0770  
www.tiskan.is



# Ársfundur atvinnulífsins 2021



# 21/21

## Ryðjum hindrunum úr vegi

Samtök atvinnulífsins hafa tekið saman 21 áskorun sem við stöndum frammi fyrir sem samfélag og snjallar lausnir til að tryggja velsæld þjóðarinnar.

---

Ársfundur atvinnulífsins 2021 verður í beinu streymi  
á helstu vefmiðlum og [www.sa.is](http://www.sa.is) klukkan 9 í dag

---





Halldór Benjamín Þorbergsson er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann segist sakna meiri umræðu um menntamál í aðdraganda kosninga enda sé menntun undirstaða atvinnulífsins.

MYND/BIG

## Vill samhent átak í viðspyrnunni

Halldór Benjamín Þorbergsson er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann segir ýmis tækifæri til hagvaxtar í augsýn í kjölfar kórónukreppunnar, en mikilvægt sé að atvinnulíf og stjórnvöld snúi bókum saman til að tryggja atvinnulífinu vindinn í bakið.

„Þannig verða verðmætin til, sem aftur standa undir sterku velferðarkerfi,“ undirstrikar Halldór. Ársfundur atvinnulífsins 2021 er haldinn í dag og verður í beinu streymi á helstu vefmiðlum og á vefsíðu SA.

„Eftir heimsfaraldurinn stendur íslenskt samfélag frammi fyrir heilmiklum áskorunum. Um það verður ekki deilt. Í kjölfarið þurfum við að koma hér á stöðugleika og sjálfbæru ástandi í hagkerfinu. Það gerum við meðal annars með því að styrkja nýja atvinnuvegi, ryðja úr vegi óþarfa hindrunum, einfalda regluverk, nýta fjármuni hins opinbera betur til að lækka skatta og styrkja þannig atvinnulífið til frekari vaxtar.

Samtök atvinnulífsins tóku nýlega saman 21 áskorun og jafnmargar lausnir við þeim sem við hvetjum alla og ekki síst stjórnvöld til að kynna sér og koma í gagnið. Þannig náum við sem bestri og skjótastrí viðspyrnu,“ útskýrir Halldór. Tillögurnar snúa að opinberum rekstri, skattastefnu, rekstrarumhverfi atvinnulífsins, sjálfbærri þróun, vinnumarkaðnum, menntamálum og heilbrigðismálum. Á ársfundinum verður auk annars farið yfir þessar tillögur.

Halldór Benjamín vill meðal annars auðvelda fyrirtækjum að skapa störf, ekki síst vegna þess að eftir kórónukreppuna hefur langtímaatvinnuleysi aukist.

„Störf þurfa að verða til á almennum vinnumarkaði en ekki hjá hinu opinbera. Opinberir aðilar

mega ekki spenna upp launaþróunina með þeim hætti sem almennur vinnumarkaður getur ekki fylgt eftir. Þá verður fjölgun starfa ekki sjálfbær, en til þess að svo megi verða þarf að einfalda skattkerfið og afnema hindranir í rekstrarumhverfi fyrirtækja. Til dæmis hvað varðar stofnun fyrirtækja, leyfisveitingar og erlenda fjárfestingu. Rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi þarf að standast erlendum keppinautum þeirra, og ekki síður íslenska ríkinu, snúning. Í þeim efnum þarf ekki síst að gera bragarbot á vinnumarkaðslíkaninu, sem einkennist eins og sakir standa af óskilvirkri kjarasamningsgerð, höfrungahlaupi og launastefnu sem ógnar stöðugleika.“

**Rekstrarformið er ekki aðalatriðið – heldur notandinn**  
Heilbrigðismálin hafa undanfarið verið í deiglu, enda mikið mætt á heilbrigðiskerfinu í heimsfaraldri.

„Þótt jafnt og þétt heyrir gagnrýni á einstaka þætti heilbrigðisþjónustunnar er óumdeilt að þjónustan er frábær og sinn af starfsfólki í fremstu röð. Til að mynda eru dauðsföll af völdum Covid-19 hvergi færri en hér á landi þegar miðað er við hlutfall af smituum. En rekstrarformið má ekki kæfa snilldina sem býr í fólkinu,“ segir Halldór sem vill að samið verði við alla þá sem veita heilbrigðisþjónustu óháð rekstrarformi þjónustuaðila, með notandann í forgrunni. Þannig sé fjármögnun og jafnt aðgengi fólks að sjálfsagðri heilbrigðisþjónustu tryggt.

„Heilbrigðisgjöld hins opinbera á Íslandi eru einna hæst á Norðurlöndunum þegar leiðrétt hefur verið fyrir aldurssamsetningu. Auk þess er þjóðin sífellt að eldast. Langtímaáætlun ríkisfjármála gerir ráð fyrir að þessi kostnaður muni aðeins koma til með að

**En rekstrarformið má ekki kæfa snilldina sem býr í fólkinu.**

aukast á komandi árum og áratugum. Ef ekkert verður að gert er ljóst að hagkerfið mun ekki standa undir þessum kostnaði. Þess vegna á einföld regla að stýra heilbrigðisþjónustunni: Ríkið ákvarðar verð, magn og gæði þjónustunnar en einkaaðilar, ríkisstofnanir og önnur rekstrarform keppast við að veita þjónustuna á sem hagkvæmasta og bestan máta – og án þess að fólk þurfi að bíða mánuðum og árum saman eftir meina sinna bót,“ segir Halldór Benjamín.

**Of mikil miðstýring í íslensku menntakerfi**

Halldóri verður einnig tíðrætt um menntakerfið. Hann segir kröfur um þekkingu og færni í atvinnulífinu taka sífjöldum breytingum.

„Og þessum kröfum verður að mæta á sama tíma og almenn grunnfærni þarf að vera til staðar. Skólaskrárið í dag heldur einfaldlega ekki í við gjörbreytt umhverfi nemenda samfara hraðri tækniþróun,“ útskýrir hann.

Halldór saknar þess að meiri umræða eigi sér ekki stað um menntamál nú í aðdraganda kosninga.

„Ég sakna þess að heyra ekki meiri umræðu um menntun hér á landi. Menntun er undirstaða

atvinnulífsins. Það er enginn að ræða það að aukið sjálfstæði skólanna leiðir óumflýjanlega af sér meiri fjölbreytni og þannig verður meiri framþróun – í takt við breyttar þarfi nemenda og atvinnulífs framtíðarinnar. Þróun menntakerfisins endurspeglar einfaldlega ekki þá færni sem við vitum þó að mun þurfa til í störf framtíðarinnar. Þetta er áhyggjuefni,“ segir Halldór.

Framlög hins opinbera til málaflokksins í heild eru hlutfallslega meiri hér en annars staðar á Norðurlöndum en árangurinn er ekki eftir því.

„Ég myndi vilja sjá fjármagnið fylgja nemendunum. Með auknu valfrelsi nemenda og svigrúmi stjórnenda öðlumst við um leið möguleika til að prófa okkur áfram til að sjá hvers konar aðferðir henta mismunandi hópum nemenda best. Kerfið er nú þegar á eftir og hefur ekki tekist að bregðast við breyttu samfélagi. Til að mynda fer hlutfall nemenda með erlent móðurmál sífellt hækkandi. Við vitum að árangurinn heilt yfir verður ekki bættur ef stórir hópar eru látnir sitja eftir. Til að stuðla að jöfnum tækifærum óháð efnahag, móðurmáli og félagslegum aðstæðum þarf til dæmis að efla íslenskukennslu á öllum skólastigum og svo þarf að brúa umönnunarbilið sem myndast þegar fæðingarorlofi lýkur.“

**Loftslagsvandinn ekki leystur með frekari skattlagningu**

Halldór Benjamín segir mikilvægt að tryggja uppbyggingu grænna innviða. Sjónarmið um náttúruvernd megi ekki leida til þess að möguleikar til grænnar orkuframleiðslu séu takmarkaðir um of. „Við þurfum að tryggja raforku til framtíðar og það gerum við ekki nema með því að virkja. Þannig stuðlum við að orkuöryggi, sem við verðum að hafa í nútíma

samfélagi til að viðhalda lífsgæðum og samkeppnishæfni landsins.“ Halldór vill einnig skapa hvata svo fjármagn leiti í grænar og sjálfbærar lausnir í stað þess að stjórnvöld reyni að skattleggja fólk og fyrirtæki út úr loftslagsvandannum.

„Tryggja þarf aukið gagnsæi og birta bókhald yfir tekjur og ráðstöfun grænna skatta til að tilgangur og markmið skattheimtnunnar sé skýr. Það á ekki að líta á græna skatta sem tekjuöflun fyrir ríkið til langs tíma, enda á frekar að einblína á að ná tilætluðum áhrifum með slíkum sköttum. Hagrænir hvarar þurfa að koma til – þar sem aðkoma atvinnulífsins leikur lykilhlutverk. Það er mjög mikilvægt að fjármagn rati í réttan farveg,“ segir Halldór.

„Ný löggjöf, breyttir framleiðsluhættir og auknar kröfur um vistvænar vörur og þjónustu, sem styðja markmið um hringrás hráefna, er í mikilli sókn um allan heim og einkennir nýjan raunveruleika fyrirtækja. Þröskuldurinn getur hins vegar reynst hár og breytingar kostnaðarsamar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þess vegna er mikilvægt að stjórnvöld styðji atvinnulífið í aðgerðum sínum í átt að sjálfbærni. Þá þurfa yfirvöld að sinna leiðbeiningarhlutverki sínu af kostgæfni svo fyrirtæki eigi auðveldara með að aðlaga sig nýjum veruleika sem snýr að lögum og regluverki. Mikilvægt er að lög og reglur taki mið af aðstæðum hér á landi og skerði ekki samkeppnisskilyrði íslensk atvinnulífs.“

Halldór segir að hanna þurfi skynsamlega hvata til að fjárfesta og lánveitendur setji fjármuni í grænar og sjálfbærar lausnir með það að markmiði að ýta undir kolefnishlutlaust hagkerfi.

„Þessu er meðal annars hægt að ná fram með hvötum til útgaflu grænna verðbréfa.“ ■





Sigríður Margrét Oddsdóttir er framkvæmdastjóri Lyfju sem í upphafi var eitt apótek í Lágmúla en telur nú 46 apótek víðs vegar um landið.

MYND/BIG

Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfju, segir að samhliða breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar ríði á að gera nauðsynlegar breytingar í heilbrigðisþjónustu. Í því muni nýsköpun og einkaframtakið gegna lykilhlutverki.

„Við lítum á okkur sem hluta af heilbrigðisþjónustu Íslendinga. Lyf eru engin venjuleg söluvara,“ segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfju. Fyrirtækið var stofnað árið 1996, þegar sérleyfin voru afnumin í apóteksrekstri.

Í upphafi var Lyfja eitt apótek í Lágmúla en apótekin telja nú 46. Lyfsalan er aðeins hluti af rekstrinum því Sigríður segir Lyfju eiga að vera stað sem þú leitar til þegar þú vilt finna vörur til þess að lifa heilbrigðum lífsstíl og auka vellíðan. Hjá Lyfju starfa um 350 starfsmenn og af þeim er þriðjungur með sérmenntun á sviði heilbrigðismála. Ári áður en heimsfaraldurinn hófst var undirbúningur að nýju snjallapóteki hafinn og því hleypt af stokkunum í október í fyrra.

#### Sérnsniðið snjallapótek er framtíðin

„Þegar við lítum á heilbrigðisþjónustu og vörusölu og þjónustu á heilbrigðissviðinu þá sjáum við það fyrir að hún á eftir að verða persónulegri, byggja á tækninni, verða sjálfstýrðari og heildrænni. Það sem við höfðum verið að undirbúa smellpassaði inn í þetta umhverfi og er eins konar persónusniðið snjallapótek. Ég geri greinarmun á því sem Lyfjuappið er og hefðbundinni vefverslun vegna þess að þegar ég opna appið sé ég bara mín gögn. Ég kemst ekki inn öðruvísi en með raf-rænum skilríkjum og sé þá mínar lyfjaávisanir og mín verð byggð á því hvar ég stend í greiðsluþrepakerfi Sjúkratrygginga – sérnsniðið að notandanum.“

## Nýsköpun og einkaframtakið verði að fá að blómstra



Maður fær stundum á tilfinninguna að því miður sé unnið öllum árum að því að færa okkur í áttina frá einkarekstri.

Sigríður segir að þegar komi að heilbrigðisútgjöldum sé ekkert mikilvægara en að líta til nýsköpunar annars vegar og samvinnu einkageirans og hins opinbera hins vegar. „Í fyrsta lagi erum við að horfa fram á það að á næstu fimm-tíu árum mun fólki eldri en fimm-tíu ára fjölga um fimm-tíu prósent. Í öðru lagi hafa útgjöld hins opinbera og einkaaðila til heilbrigðismála verið að vaxa að meðaltali um 8 til 9 prósent síðustu 20 ár á ári stað-

Sigríður Margrét segir lífsnauðsynlegt að gera breytingar á heilbrigðiskerfinu. Heilbrigðiskerfið muni annars einfaldlega brjóta hagkerfið. MYND/ BIG

» Nýtt snjallapótek Lyfju er sérnsniðið að notendum. Þar sjá þeir sínar lyfjaávisanir og verð, byggt á því hvar þeir standa í greiðsluþrepakerfi Sjúkratrygginga.

virt. Það segir sig sjálf að þetta er ekki sjálfbært,“ útskýrir Sigríður og bætur við að það verði að finna nýjar leiðir til þess að leysa úr því hvernig við ætlum að stuðla að heilbrigði og vellíðan.

„Þarna skiptir miklu máli að nýta einkaframtakið í því að búa til lausnir sem stuðla að því að við getum fengið betri og persónusniðnari heilbrigðisþjónustu. Þar þarf til samvinnu milli opinbera geirans og einkaframtafsins.“

Heilbrigðiskerfið mun brjóta hagkerfið verði ekkert að gert Sigríður Margrét segir heilbrigðisþjónustu í eðli sínu mjög íhalds-sama grein. „Þetta er sú grein þar sem þér líður mjög vel vitandi að sá sem er að þjónusta þig hafi verið í greininni í tuttugu eða þrjátíu ár. Það þarf alltaf að vera góð samvinna og samtal, en ég held að það skipti höfuðmáli núna að

horfa á það hvað einkaframtakið er að gera í þessari grein og hvaða árangri hefur verið náð þar. Því ef við horfum á útgjöldin í einhverri heildarmynd þá sjáum við til að mynda að lyfjakostnaður hefur ekki verið að vaxa í sama hlutfalli og önnur heilbrigðisútgjöld.“

Fyrir tíu árum hafi lyfjakostnaður verið 13 prósent af heilbrigðisútgjöldum en í dag sé hann 9 prósent. „Þarna eru einkarekin apótek sem eru að keppa á hverjum degi og eru í gríðarlegri samkeppni á markaðnum. Þar er verið að veita mjög góða þjónustu, við erum til dæmis hér á landi með fleiri starfandi lyfjafræðinga en á hinum Norðurlöndunum og búum flest í innan við fimm mínútna fjarlægð frá apóteki. Hvernig getum við nýtt módelið sem þarna er inni í öðrum geirum heilbrigðisþjónustu?“

Hún vísar til þess að sérfræðilæknar hafi verið samningslausir um árabíl.

„Maður fær stundum á tilfinninguna að því miður sé unnið öllum árum að því að færa okkur í áttina frá einkarekstri. Þar eru tækifæri og það er nauðsynlegt að líta til aukins einkarekstrar í heilbrigðisþjónustu almennt.“

Um þetta hefur verið rætt lengi, klassíska dæmið eru liðskipta- aðgerðir sem við virðumst tilbúin að greiða fyrir þreföldu verði í útlöndum svo það sé ekki gert aflækni á einkarekinu stofu á Íslandi. Dæmin eru mun fleiri. Hvernig er hægt að leysa það? Verður að skipa heilbrigðis- og nýsköpunarráðherra?

Sigríður Margrét hlær. „Það væri frábært að hafa slíkan ráðherra. Þetta er einn stærsti útgjaldaliður ríkisins og við sjáum það að ef við gerum ekkert mun heilbrigðiskerfið brjóta hagkerfið. Við þurfum að finna lausnir. Við eigum að nýta krafta einkaframtafsins og stunda nýsköpun í heilbrigðisþjónustu en þó aldrei á kostnað fagmennskunnar og öryggisins.“ ■





# 21/21

## Ryðjum hindrunum úr vegi

Eftir heimsfaraldurinn stendur íslenskt samfélag frammi fyrir miklum áskorunum. Tækifæri til hagvaxtar eru þó í auglýn. Það er mikilvægt nú að leita nýrra lausna og læra af þeim sem hafa staðið í sömu sporum.

Samtök atvinnulífsins hafa tekið saman 21 áskorun sem við stöndum frammi fyrir sem samfélag og jafn margar lausnir. Ef okkur ber gæfa til þess að stíga þessi nauðsynlegu skref mun það skipta sköpum fyrir framtíð þjóðarinnar.

Ítarefni og heimildir inni á [holdumafra.is](http://holdumafra.is)



1

Efnahagsmál

**Áskorun:**  
Efnahagslegur óstöðugleiki hamlar blómlegu atvinnulífi

**Lausn:**  
Þriggja arma hagstjórn sem vinnur saman



2

Efnahagsmál

**Áskorun:**  
Útgjaldavöxtur og skuldasöfnun ríkis og sveitarfélaga er ósjálfbær

**Lausn:**  
Tengjum opinbert fjármagn við árangur




3

Efnahagsmál

**Áskorun:**  
Atvinnuleysi er mikið en hindranir standa atvinnusköpun fyrir þrifum

**Lausn:**  
Auðveldum fyrirtækjum að skapa störf



4

Efnahagsmál

**Áskorun:**  
Öldrun þjóðar þýðir að sífellt færri hendur munu standa undir samneyslunni

**Lausn:**  
Aukum framleiðni og vinnum lengur



5

Efnahagsmál

**Áskorun:**  
Sveiflukennndur íbúðamarkaður eykur húsnæðiskostnað

**Lausn:**  
Tryggjum nægt lóðaframboð, skilvirkari ákvarðanir, einfaldara regluverk sem lækkar byggingarkostnað og hraðar framkvæmdum.




6

Vinnumarkaðurinn

**Áskorun:**  
Íslensk launastefna ógnar stöðugleika

**Lausn:**  
Látum útflutningsgreinar leiða launastefnuna



7

Vinnumarkaðurinn

**Áskorun:**  
Óskilvirk kjarasamningsgerð skapar tjón í samfélaginu

**Lausn:**  
Skilvirk vinnubrögð við gerð kjarasamninga draga úr óvissu og kostnaði





8

Vinnumarkaðurinn

**Áskorun:**  
Höfrungahlaup einkennir  
íslenska vinnumarkaðinn

**Lausn:**  
Eflum embætti ríkissáttasemjara  
og tryggjum samstöðu um að fylgja  
launastefnunni



9

Vinnumarkaðurinn

**Áskorun:**  
Mörg en fámennt stéttarfélag ýta  
undir ósamstöðu

**Lausn:**  
Færri en stærri kjarasamningar



15

Sjálfbær þróun

**Áskorun:**  
Loftslagsvandinn verður ekki leystur  
með frekari skattlagningu

**Lausn:**  
Sköpum hvata svo fjármagn leiti  
í grænar og sjálfbærar lausnir



16

Heilbrigðismál

**Áskorun:**  
Óljóst er hvaða heilbrigðisþjónustu  
hið opinbera fjármagnar. Ósamræmi  
er í fjármögnun og samningagerð

**Lausn:**  
Leyfum fjármagni að fylgja notanda



10

Atvinnulífio

**Áskorun:**  
Dunglamaleg stjórnsýsla flækist fyrir  
framþróun atvinnulífs

**Lausn:**  
Færum samskipti við hið opinbera  
í eina samráðsgátt



17

Heilbrigðismál

**Áskorun:**  
Óvissa ríkir um eðlileg viðmið  
varðandi biðtíma sjúklinga

**Lausn:**  
Lögfestum viðmiðunarmörk biðtíma  
með þjónustutryggingu



11

Atvinnulífio

**Áskorun:**  
Eftirlit er óskilvirkt

**Lausn:**  
Sameinum stofnanir og aukum getu  
þeirra til að sinna leiðbeiningar-  
hlutverki sínu



18

Heilbrigðismál

**Áskorun:**  
Óskilgreind viðmið leiða af sér  
óhagræði og sóun

**Lausn:**  
Drögum úr álaga og valdeflum  
notendur



12

Atvinnulífio

**Áskorun:**  
Langtímaatvinnuleysi fer vaxandi

**Lausn:**  
Festum ráðningarstyrki af  
atvinnuleysissskrá í sessi




19

Menntamál

**Áskorun:**  
Of mikil miðstýring  
er í íslensku skólakerfi

**Lausn:**  
Aukum sjálfstæði skóla og látum  
fjármagn fylgja nemendum



13

Atvinnulífio

**Áskorun:**  
Nýsköpun mælist minni  
en í öðrum iðnríkjum

**Lausn:**  
Auðveldum aðgengi fyrirtækja að  
fjármagni og hæfu starfsfólki




20

Menntamál

**Áskorun:**  
Dröun menntakerfisins endurspeglar  
ekki farni þarfir framtíðar

**Lausn:**  
Áherslubreytingar í takt við  
þarfir framtíðar




14

Sjálfbær þróun

**Áskorun:**  
Skortur á grænni orku kemur niður  
á atvinnulífinu til framtíðar

**Lausn:**  
Tryggjum uppbyggingu grænna  
innviða um allt land



21

Menntamál

**Áskorun:**  
Ekki er komið nægilega vel til móts  
við breytta samfélagsgerð, svo sem  
stækkandi hóp aðfluttra

**Lausn:**  
Eflum íslenskukennslu, styttem  
sumarfrí og brúum umönnunarbilið





# Förum ekki í sama gamla farið

Berglind Rán Ólafsdóttir hefur mestar áhyggjur af því langtímaatvinnuleysi sem er fyrirséð næstu misseri. Hún vill að passað sé upp á fólkið, því gert kleift að stunda nám og þar sé lögð áhersla á græna nýsköpun.

„Þannig getum við nýtt sérstöðu okkar sem land endurnýjanlegrar orku,“ segir Berglind, sem er ánægð með breytingar á fundamenningu og segir sjálfsgaet að fólk starfi heima í meira mæli til framtíðar.

„Ég tel að úr því sem komið er sé mikilvægt að atvinnulífið reyni að nýta það jákvæða sem hefur komið út úr faraldrinum. Áfallið er risavaxið og atvinnulífið hefur tekið bylmingsþungt högg, en þeir sem geta verða að líta á þetta sem tækifæri til að gera breytingar hjá sér til framtíðar og leggja sín lóð á vogarskálarnar við að tækla loftslagsvána. Þar eru heilmikil tækifæri fyrir ferðaþjónustuna, til dæmis. Það er ekki heillavænlegt að mínu viti að fara aftur í sama farið. Heimurinn hefur ákveðið í sameiningu að við þurfum að verða kolefnishlutlaus árið 2050 og það er líka stórt verkefni. Mögulega, í einhverjum tilvikum, getur þessi faraldur orðið stökkpallur til þess að þróunin verði hraðari í þá átt,“ segir Berglind Rán, sem er framkvæmdastýra Orku náttúrunnar.

Hún segir að rekstur ON hafi ekki farið jafn illa út úr Covid og margra annarra fyrirtækja, vegna eðlis rekstursins. „Við erum í því að framleiða rafmagn og heitt vatn sem hefur þetta samfélagslega mikilvægi. Það byggir meira og minna allt annað á því að þessar



Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra Orku náttúrunnar, segir fjarvinnu komna til að vera.

MYND/BIG

grunnþarfir séu til staðar,“ segir Berglind. Vitaskuld hafi þó verið talsverð röskun á starfsemi.

## Sjálfsgaet að vinna heima – til frambúðar

„Ég held að mörg fyrirtæki eigi það sameiginlegt með okkur að við áttum okkur mjög fljótt á hversu vel fjarfundir virka og forrit á borð við Teams hjálpa okkur í fjarvinnunni. Við höfðum til dæmis nýhafid stefnumótun hjá fyrirtækinu í aðdraganda Covid og ákváðum að halda dampi í því. Við tókum vinnufundi með yfir hundrad manns, stefnumótandi fundi, á Teams, og það gekk betur

en maður þorði að vona. Ég er sannfærð um að þetta námskeið í tækni, sem var í rauninni þröngvað upp á alla landsmenn í faraldrinum, muni skilja eitthvað eftir sig. Ég vona að fundamenningin breytist til frambúðar og öll vinnustaðamenning. Þetta þýðir líka að ef þú sinnir þannig starfi og ert með börn eða aðstæður eru þannig að þú vilt frekar vinna heima, þá sé það vel hægt,“ segir Berglind.

Hún nefnir einnig ferðalög milli staða, að þau hafi snarminnkað í faraldrinum. Samtök iðnaðarins reiknuðu út að níu milljónum klukkustunda hefði verið sóað í umferðartafir innan höfuð-

borgarinnar í fyrra. „Þetta er líka jákvætt. Við eigum ekki að ferðast að öþörfu. Það sama á við um fundi og ráðstefnur úti í heimi. Nú er boðið upp á allt rafrænt og það mun spara tíma og peninga og um leið hafa minni áhrif á umhverfið ef við hættum að fljúga á stutta fundi og ráðstefnur um allan heim.“

## Vill áherslu á græna nýsköpun

Mestar áhyggjurnar hefur Berglind af langtímaatvinnuleysi í samfélaginu eftir faraldurinn. „Atvinnuleysi getur haft hræðileg félagsleg og samfélagsleg áhrif. Við þurfum að passa upp á fólkið

Ég vona að fundamenning og öll vinnustaðamenning breytist til frambúðar. Það þýðir að ef þú sinnir þannig starfi, ert með börn eða aðstæður eru þannig að ef þú vilt frekar vinna heima, þá sé það vel hægt.

okkar, gera því kleift að stunda nám – í allri þeirri vinnu er tækifæri til þess að setja fókus á greinar þar sem er hægt að stuðla að minni losun til framtíðar. Við þurfum að stuðla að því að hagkerfið fari hratt í átt að hringrásarhagkerfi. Leggja þunga áherslu á nýsköpun og þá sérstaklega græna nýsköpun þar sem okkar stærstu tækifæri liggja og þar getum við nýtt sérstöðu okkar sem land endurnýjanlegrar orku. Mikilvægt er ekki að setja allt þúður í að gera allt eins og það var áður. Frekar að hugsa hvað við getum gert betur og öðruvísi og breyta áherslunum í þá átt.“ ■

# Ísland er fljótandi og vannýtt eldisstöð

Pétur Hafsteinn Pálsson er framkvæmdastjóri Vísis, framsækings sjávarútvegsfyrirtækis með höfuðstöðvar í Grindavík.

Vísir hefur verið meðal þeirra fyrirtækja sem dregið hafa vagninn í nýtingu hátækni í fiskvinnslu hér á landi og leggja mikla áherslu á fullnýtingu afurða og ábyrgar veiðar.

Hjá Vísu starfa um þrjú hundruð manns. Pétur segir mikilvæga en nokkru sinni fyrr að líta til þeirra tækifæra sem leynast víða, þegar um auðugt land af náttúruauðlindum líkt og Ísland er að ræða. Sérstaklega nú þegar skóinn krepur. Matarframleiðsla sé framtíðin og geti skapað fjölda fjölbreyttra starfa.

Sjávarútvegurinn hefur borið sig vel í kjölfar heimsfaraldursins miðað við margar aðrar greinar, þó að veiran hafi leitt til óhagræðis fyrir starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja eins og annarra. „Við höfum haldið okkar starfsemi gangandi, með röskun þó, og skattgreiðslum inn í ríkissjóð sem er mjög mikilvægt. Það sem ríður á er að halda tekjufláðinu gangandi svo það verði eitthvað til skiptanna. Nú tekur sjávarútvegurinn að sér það hlutverk að vera mikilvægasta mjólkurkírin og verður að fá að ganga og halda áfram að greiða skatta, búa til störf og það sem þarf til að halda samfélagi gangandi,“ segir Pétur og segir ljóst að til þess að ná upp fyrri hagsæld í samfélaginu þurfi að líta til þeirra tækifæra sem hér eru.

„Það liggja heilmikil vannýtt tækifæri í framleiðslu matvæla



Pétur Hafsteinn Pálsson er framkvæmdastjóri Vísis í Grindavík.

MYND/BIG

ingu sem fyrst. Þá eru okkur engin takmörk sett með nær óendanlegu magni af heitu vatni og fullt af landi. Þetta yrði griðarlega atvinnuskapandi því afleiðd starfsemi í rafmagn, orku og fleiri sérfræðistörfum myndi óhjákvæmilega fylgja. Þarna er okkar sérstada og þekking. Þangað eigum við að líta, beina menntuninni og aflinu öllu í að byggja þetta upp.“

## Massaferðamennskan sé liðin undir lok

Svo er það hitt, segir Pétur. „Hvernig ferðamennirnir koma aftur. Ég held að það verði ferðamennska en ekki massaferðamennska eins og hér áður. Ég hef fulla trú á því að þessir atburðir muni breyta ferðavenjum fólks. Þessi ferðalög voru orðin alveg surrealistisk, þú gast stökkið til Japans eða Kína eftir mörgum leiðum með nokkurra klukkustunda fyrirvara. Þetta held ég að muni breytast – og talandi um umhverfismálin, þá er ljóst það munu allir þurfa að endurskoða hversu mikið flug er notað almennt til ferðalaga og flutninga. Það er og verður Íslendingum mjög mikilvægt að almenn sátt sé um umhverfisspor flugsins.“

Verstu afleiðingu veirunnar fyrir íslenskt samfélag segir Pétur hins vegar án efa vera atvinnuleysið. „Á því þarf að taka. Fyrir utan tekjumissinn getur maður ekki hugsað sér að fá ekki að vakna til einhvers á morgnana. Það er nokkuð sem við eigum aldrei að sætta okkur við að hér festist í sessi eitthvert atvinnuleysisstig að nokkru ráði. Það er versta bölið. Þessu verðum við að ráða bót á.“ ■

hér á landi og þar hefur sjávarútvegur vissulega lagt sitt af mörkum. Þróunarstarf er á fullu í þessum fiskvinnslum, sem aftur kallar á mikla vinnu hjá iðnfyrirtækjum og þar fram eftir götunum. Hvað okkur varðar í sjávarútveginum liggja tækifærin í því að gera betur og komast nær endamarkaðnum, þangað sem afurðin er seld. Þannig er hægt að spara allar milliumbúðir og kostnað við milliliði, ef sem mest yrði gert hér heima – frá veiði til vinnslu til endanlegrar söluvöru – svokölluð fullvinnsla.“

## Umdeild starfsemi en vel þess virði

Pétur segir að ef lítið er til heimsframleiðslu á fiski hafi undanfarna áratugi orðið lítil breyting

á því sem veiðist af villtum fiski. Vöxturinn sé í eldi. Vissulega sé deilt um sjóeldi sem atvinnugrein.

„En það er ekki hægt að líta fram hjá því að við höfum þessa auðlind sem er heita vatnið. Það er risavaxið verkefni að efla fiskeldi og ef ekki í sjó, þá allavega á landi. Ísland er fljótandi eldisstöð sem er vannýtt og ónýtt í heimi þar sem eftirspurn eftir matvælum verður sífellt meiri. Það sem við eigum að gera núna er að kortleggja þessi risatækifæri sem eru fyrir augunum á okkur: matarframleiðsla og tækjaframleiðsla til matarframleiðslu. Við erum rík af flottum iðnfyrirtækjum sem gætu gert ótrúlegustu hluti í þessum efnunum,“ segir Pétur og undirstrikar að einnig eigi að leggja áherslu á

sjóeldi, að uppfylltum ströngum kröfum um umhverfisvernd.

„Greinin hefur staðið sig vel í því að minnka oliuneyslu, en umhverfisspor umbúðanna er enn of mikið. Með tækninni sjáum við fram á að geta pakkað vörurni hér heima í endanlegar umbúðir sem svo rata á endamarkaðinn, þar sem varan verður svo keypt, í stað þess að eiga millilendingu annars staðar til þess eins að pakka henni inn upp á nýtt og flytja á enn annan stað.“

Það sem við eigum eftir að gera er að finna nægilega ódýra leið til að gera landeldi hagkvæmt. Heita vatnið sem hægt er að nota er affall úr húsum landsmanna sem er um 30 til 40 gráður. Við þurfum að finna leið til að hefja uppbygg-



# Segir kjarasamningsumhverfið ekki að virka

Helga Árnadóttir er framkvæmdastjóri sölu-, markaðs- og vörubrúnaarsviðs Bláa lónsins og hefur starfað í ferðaþjónustu um árabil.

Helga segir mikilvægt að greinin risi hratt aftur og vill breyta kjarasamningsumhverfinu almennt á Íslandi, sem sé alltof flókið. Lágmarkskrafa hljóti að vera að viðsemjendur sammælist um það hvað sé til skiptanna, áður en lagt er af stað og samið um kaup og kjör.

„Síðustu misseri hafa verið mjög lærdómsrík. Ég tel að við stöndum að mörgu leyti mun betur að vígi nú en eftir öldudalana sem við lentum í í kjölfar fjármálahrunsins og svo eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010. Nú er búið að byggja markvisst upp innviði, við höfum þroskast mikið, fyrirtækin eflst og stjórnvöld lært inn á greinina. Ég tel skynsamlegt að nýta tækifærið sem fram undan er og höfða í auknum mæli til fagætisferðanna, enda hefur samkeppnishæfni okkar aukist til muna hvað þennan verðmæta markhóp varðar. Við eigum að horfa til gæða umfram magns. Fyrst þarf þó að koma fyrirtækjunum á fætur,“ segir Helga.

*Oft er sagt að íslenskt atvinnulíf hafi ekki nógu margar stöðir. Erum við að gera rétt með því að veðja aftur á ferðaþjónustuna eða ætti að reyna að veðja á fleiri hesta?*

„Við eigum alltaf að horfa til þess að byggja sem flestar stöðir undir atvinnulífið á Íslandi. Það er sjálfsagt að veðja á ferðaþjónustuna enda hefur hún alla burði til að styðja við og styrkja efnahag þjóðarinnar eins og áður. Við verðum að ná ferðaþjónustunni



Helga Árnadóttir er framkvæmdastjóri sölu-, markaðs- og vörubrúnaarsviðs Bláa lónsins.

MYND/BIG

hratt og örugglega á lappir. Hún var að skila um 550 milljörðum í gjaldeyrstekjur árlega fyrir Covid. Þá má ekki gleyma því að hún er atvinnugrein sem styður við byggðastefnu og hefur skilað ávinningi um land allt. Við eigum að tryggja henni ákveðna kjölfestu, en að því sögðu er alveg ljóst að þeim mun fleiri egg í körfunni, því betra,“ segir Helga.

**Ferðaþjónustan getur unnið bug á atvinnuleysisinu – fljótt**

„Við sem samfélag höfum verið lánsöm að búa við nægt atvinnuframboð í gegnum árin. Klárlega er ferðaþjónustan vinnuafslrek atvinnugrein og sú grein sem getur einna helst unnið bug á þeirri

meinsemd sem atvinnuleysið er á sem skemmstum tíma. Hins vegar er staðreyndin sú að erfiðlega hefur reynst að manna störf, hvort sem um fagmenntuð störf er að ræða eða ófagmenntuð, nú eftir að viðspyrnan hófst í vor. Stundum er talað um að störf í ferðaþjónustu séu einungis lágláunastörf, en það er alls ekki rétt og ekki hægt að alhæfa með þeim hætti. Miklar tæknibreytingar, samrunar fyrirtækja, aukin skilvirkni og aðrir þættir hafa valdið því að sérhæfðum störfum í ferðaþjónustu hefur verið að fjölga verulega og hlutfallslega meira en öðrum.“

*Hvað finnst þér að stjórnvöld eigi að leggja áherslu á í þessum efnahag? Hvað þarf að gera til að*

*koma ferðaþjónustunni aftur á kappinn?*

„Ferðaþjónustan er að komast á lappirnar en það er mikið undir okkur komið, atvinnulífinu og stjórnvöldum, að vel til takist. Horft fram á veginn er mikilvægt að laga til í rekstrarumhverfi og horfa til samkeppnishæfni útflutningsatvinnugreina almennt. Verðmætasköpun í landinu stendur og fellur með útflutningnum. Hvað ferðaþjónustuna varðar er hún í gríðarlegri samkeppni við aðra áfangastaði um heim allan. Hvernig getum við eflt okkur gagnvart þeirri samkeppni? Til að mynda með því að einfalda annars þungt og flókið regluverk, sem var reifað sérstaklega í samkeppnis-

**Það er sjálfsagt að veðja á ferðaþjónustuna enda hefur hún alla burði til að styðja við og styrkja efnahag þjóðarinnar eins og áður.**

skýrslu OECD fyrir stuttu og sýnir svart á hvítu að regluverkið í ferðaþjónustu er mun flóknara og erfiðara en í samkeppnislöndunum. Þá myndi ég vilja að við horfum til þess að leggja af, þó ekki sé nema tímabundið, íþyngjandi skatta og gjöld sem eru margvisleg og mikil í ferðaþjónustu. Fyrirtækin verða að ná að rétta úr kútnum eftir forðumalæsa Covid-tíma,“ útskýrir hún.

*Talandi um samkeppnishæfni. Hvað segir þú um launaþróunina á Íslandi?*

„Verðmætasköpunin stendur einfaldlega ekki undir launahækkunum. Sérstaklega eftir þessa kröftugu niðursveiflu. Það eru einfaldlega brostnar forsendur,“ segir Helga og tekur fram að mikilvægt sé að skoða vinnumarkaðinn heildrænt.

„Við verðum að fara að hefja kjaraviðræður á ákveðnu marki sem allir geta sammælt um. Hver er kakan sem við höfum til skiptanna? Ef við getum ekki einu sinni sammælt um það mun þetta höfrungahlaup halda áfram, sem við því miður þekkjum alltof vel nú þegar. Laun munu hækka umfram það sem er til í samfélaginu, sem þýðir að atvinnuleysi og verðbólga fara að gera vart við sig og kaupmáttur minnkar. Þá græðir enginn. Ég veit að þetta hefur verið reynt, en við megum ekki gefast upp. Það er allt of mikið í húfi.“ ■

# Kallar eftir uppbyggilegum tillögum frá verkalyðshreyfingunni í upphafi viðspyrnunnar

Íslenskir aðalverktakar er rötgróid fyrirtæki sem á sér 66 ára sögu. Fyrirtækið hefur komið að hönnun og byggingu margra þekktra mannvirkja, svo sem tónlistarhússins Hörpu, jarðganga, virkjana og alls sem spannar svið byggingariðnaðarins.

Að sögn Sigurðar R. Ragnarssonar, stjórnarformanns félagsins, hefur hann áhyggjur af því að langtímaatvinnuleysi festist í sessi. Innan verktakabransans hafi gengisfall krónunnar í upphafi Covid haft bein áhrif á allt efni og aðföng sem þeir kaupa inn. Hann saknar þess að heyra uppbyggilegar tillögur frá verkalyðshreyfingunni, nú þegar viðspyrnan er hafin.

„Langvarandi atvinnuleysi getur haft mikil sálræn og félagsleg áhrif sem ekki má gera lítið úr. Þetta er áhyggjuefni nú þegar við erum að fara inn í veturinn og myrkríð er að færa stóru yfir. Það verður að passa upp á þetta fólk,“ segir Sigurður, sem tekur þó fram að hann sé almennt ánægður með þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa þegar gripið til í tengslum við heimsfaraldurinn.

**Afkastaminnkun og gengisfall krónunnar**

Covid hafði nokkur áhrif á rekstur ÍAV.

„Það er eins með okkur og flest önnur fyrirtæki. Beinu áhrifin fólust einna helst í afkastaminnkun á okkar verkstað. Sérstaklega



Sigurður R. Ragnarsson er stjórnarformaður Íslenskra aðalverktaka. MYND/BIG

fyrst um sinn, þegar óvissan var sem mest. Þá dró verulega úr afköstum þar sem starfsfólk var bæði óttaslegið og að passa sig á að halda fjarlægð sín í milli. Það er svo sem erfitt að meta í krónum hvað það hefur kostað fyrirtækið, en tjónið var umtalsvert. Þess utan féll til ýmis kostnaður við að skipta fólki upp á verkstað, í mötuneytum, büningsherbergjum og kaffiádstöðu; við að útvega grimur, hanska, þrifa og þar fram eftir götunum. En það var sjálfsagt mál að gera, auðvitað, og starfsfólkið var fljótt að aðlaga sig breyttum tímum sem við erum afskaplega þakklát fyrir,“ segir Sigurður.

Óbeinu áhrifin fólust fyrst og fremst í gengisfalli krónunnar.

„Krónan veiktist um 20 prósent þegar faraldurinn reið yfir. Það hefur bein áhrif á allt efni og

aðföng sem við kaupum inn, sem er töluvert magn, auk þess sem umtalsverðar seinkanir urðu á afhendingu efnis að utan vegna Covid-áhrifa þar. Til að bæta gráu ofan á svart höfðu aðgerðir stjórnvalda í þá veru að hækka endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað, aðgerð sem gerð var í því skyni að örva hagkerfið, þau hliðaráhrif að byggingarvísitalan lækkaði. Þetta olli byggingargeiranum í heild miklum skada. Þetta er enn þrætlepli milli greinarinnar og ráðuneytanna sem málið fellur undir og er stórmál. Greinin veltir hundruðum milljarða á ári og þessi einstaka aðgerð varð til þess að tekjur verktakanna minnka um rúmlega þrjú prósent á mánuði. Þetta eru stórar upphæðir sem ekki veitir af inn á íslenskan vinnumarkað um þessar

mundir. Það er líka óeðlilegt að hið opinbera geti „hagnast“ með þessum hætti á sínum eigin stjórnvaldsaðgerðum.“

Sigurður tekur þó fram að Covid hafi ekki eingöngu haft slæm áhrif á reksturinn.

„Ég nefni fundamenninguna. Faraldurinn flýtti fyrir því sem sennilega hefði orðið með tímanum og gerir fundahald að mörgu leyti skilvirkara, sem eru þessir fjárfundir. Manni dettur ekki lengur í hug að keyra í hálf tíma til þess að sækja einn fund og svo aftur til baka, heldur tekur þá raf-rænt. Fundirnir ganga býsna vel og ég tala ekki um hagræðinguna sem mun felast í þessu til lengri tíma. Maður þekkir mýmörg dæmi þess að fólk sé til að mynda að sækja fundi erlendis, fyrir kannski einn dag. Þetta held ég að verði gjörbreytt eftir Covid og er bæði ódýrara og umhverfisvænna.“

Hvað varðar verktakabransann almennt er Sigurður ánægður með þá ákvörðun stjórnvalda að setja aukna fjármuni í innviðaupbyggingu sem viðbragð við faraldurinn.

„Og það var engin vanþörf á, uppbyggingu í orkukerfinu eða í vegakerfinu. Við munum öll njóta góðs af því auk þess sem hið opinbera er að virka til sveiflujöfnunar eins og vera ber, en það hefur ekki alltaf tekist sem skyldi í gegnum áratugin.“

**Verkalyðshreyfingin hafi skilað auðu**

Sigurður nefnir að flest svið sam-

félagsins hafi sýnt sveigjanleika og skilning undanfarna átján mánuði og reynt að leggja sitt af mörkum.

„Ég vil þó nefna verkalyðshreyfinguna sem aðila sem mér finnst að gæti komið að borðinu með fleiri hugmyndir að lausnum á því ástandi sem skapaðist í samfélaginu,“ útskýrir Sigurður og heldur áfram:

„Þegar Lífskjarasamningurinn var undirritaður komu að því stjórnvöld, atvinnurekendur og verkalyðshreyfingin. Þetta eru þessir þrjú stóru sem hafa með málið að gera. Þegar þessar hamfarir gengu yfir lögðu stjórnvöld sinn pakka á borðið, atvinnulífið og ekki síst launþegar lögðu sitt af mörkum en ég hef saknað þess að verkalyðshreyfingin komi að máluðum með opin hug og reyni í sameiningu við hina að leita lausna.“

**Áskoranir fram undan**


Fram undan eru kosningar og segir Sigurður mikilvægast fyrir byggingargeirann að viðhalda stöðugleikanum, halda áfram að byggja upp innviði og auka lóðaframboð til að ná jafnvægi á húsnæðismarkaðnum.

„Svo er lækkun tryggingagjalds og einföldun regluverks viðvarandi verkefni. Ekki má heldur gleyma aukinni innleiðingu raf-rænna lausna á byggingarferlinu öllu sem stuðlar að því að gera það einfaldara og skilvirkara,“ segir Sigurður að lokum. ■



# Vissir þú að ...

**ÁSKORUNUM** mun einungis fjölga með öldrun þjóðar. Ísland er nú meðal yngstu þjóða innan OECD en gert er ráð fyrir að hún verði orðin ein sú elsta árið 2100. Það þýðir að sífelld færri muni standa undir samneyslunni.



**Í DAG** er atvinnuleysið stærsta láskorunin. Atvinnuleysi jókst meira en á hinum Norðurlöndunum á sama tíma og laun hækkuðu meira. Launahækkarnir hér á landi eru ítrekað langt umfram það sem gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum.



**UMSVIF** hins opinbera eru almennt með því mesta sem þekktist hér á landi. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir áhrifum varnarmála og almannatrygginga sést að útgjöld hins opinbera eru meiri hér en á hinum Norðurlöndunum. Sé leiðrétt fyrir aldurs samsetningu eru þau enn meiri. Frekari útgjaldaaukning er ekki valkostur. Skerpa þarf á forgangsröðun í rekstri hins opinbera.




**HÍÐ** opinbera leiðir nú enn á ný launaþróunina. Mikil fækkun starfa hefur orðið á almennum vinnumarkaði en fjölgun hjá hinu opinbera á sama tíma og launahækkarnir þar mælast langt umfram hækkarnir á almennum vinnumarkaði.



**H LUTUR** launa í framleiðslu er einn sá mesti sem þekktist hér á landi. Launþegar fá því stóran hluta af verðmætasköpuninni en einnig er þá minna rými til atvinnuskapandi fjárfestingar sem getur aukið hagvöxt horft fram á veg.



**MEDALLAUN** eru nær hvergi hærrí en á Íslandi á meðan tekjujöfnuður er nær hvergi meiri.



Ársfundur atvinnulífsins 2021 verður í beinu streymi á helstu vefmiðlum og [www.sa.is](http://www.sa.is) klukkan 9 í dag

Ítarefni og heimildir inni á [höldumáfram.is](http://höldumáfram.is)





**YEST/YESTA Opin peysa**  
Fæst líka í bláu  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 12.980



**YEST/YESTA Opin peysa**  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 13.980



**YEST/YESTA Opin peysa**  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 13.980



**GOZZIP Dorit Síð peysa**  
Fæst líka í beige  
Stærðir 40-56  
Verð kr. 16.980



**SUNDAY Jakkapeysa**  
Stærðir 38-52  
Verð kr. 16.980



**YEST/YESTA Shifonkjóll**  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 15.980



**YESTA Kjóll**  
Stærðir 44-56  
Verð kr. 15.980



**ES&SY kjóll**  
Stærðir 38-46  
Verð kr. 8.980



**GOZZIP skyrtukjóll**  
Stærðir 40-56  
Verð kr. 15.980



**SUNDAY Kjóll**  
Stærðir 38-52  
Verð kr. 16.980



**YEST/YESTA kósý peysa með stórum kraga**  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 10.980



**YEST/YESTA Peysa**  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 10.980



**YEST/YESTA kragabolur**  
Fást í fleiri litum  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 6.980



**SUNDAY kragabolur**  
Fást í fleiri litum  
Stærðir 38-52  
Verð kr. 9.980



**TAMARIS lakk skór**  
Stærðir 37-42  
Verð kr. 16.990



**JANA ökkaskór**  
Stærðir 37-42  
Verð kr. 13.990



# Rækta dýrafeld úr frumum



Oddur Freyr Þorsteinsson  
oddurfreyr  
@frettabladid.is

Hollenskt sprotafyrirtæki hefur þróað aðferð til að rækta ekta dýrafeld úr frumum á rannsóknarstofu. Aðferðin gerir það mögulegt að búa til fót úr loðfeldum án þess að slátra dýrum og er umhverfisvænni en hefðbundin framleiðsla.

Um þessar mundir er mikil áhersla lögð á umhverfismál og dýravernnd í tiskuiðnaðinum og mörg fyrirtæki eru að reyna að nýta ný og umhverfisvænni hráefni til að framleiða vörur sínar. Það hefur hins vegar reynt erfitt að finna staðgengil fyrir loðfeldi sem býður upp á sömu gæði og ekta feldur, en hollenska sprotafyrirtækið Geneus Biotech er að reyna að breyta þessu með frumuræktun. Hugmyndin er að rækta ekta feld á rannsóknarstofu án þess að dýr komi nokkuð nálægt framleiðsluferlinu og aðferðir fyrirtækisins hafa vakið athygli í fjölmiðlum víða um heim.

Geneus Biotech kynnti nýlega nýtt efni sem það kallar Furoid, en vonast er til að það eða annað sambærilegt efni geti umbýlt loðfeldaframleiðslu heimsins. Fyrirtækið hefur verið í samstarfi við vísindamenn við Háskólann í Amsterdam síðan á síðasta ári og framleiðir efnið, sem hefur sömu sameindauppbyggingu og ekta feldur.

## Umhverfisvænna og siðlegra

Furoid er búið til með sömu aðferðum og er beitt við kjötrækt. Frumum er blandað saman við lífvirk efni og efni sem örva frumuvöxt og og til verða vefir sem hafa að öllu leyti sömu eiginleika og dýrafeldur.

Fyrirtækið þrívíddarprentar svo þessa ræktuðu vefi í lífefni sem er eins og ekta feldur og er jafn hlýtt og endingargott. Allt er þetta gert án þess að slátra einu einasta dýri og þar að auki er þessi framleiðsluáferð mun umhverfisvænni en að rækta dýr til að framleiða loðfeldi.

Hefðbundin framleiðsla á loðfeldum hefur gríðarlega mikil og neikvæð áhrif á umhverfið, svo ekki sé minnst á síðferðisleg álitamál sem að henni snúa. Það er áætlað að framleiðsla á einu kíló af minkafeldi skapi um 110 kíló af koltvíoxíði og á hverju ári er næstum 100 milljónum dýra slátrað fyrir feld þeirra.

## Sníðið að þörfum neytenda

Geneus Biotech segir að þetta sé ekki bara umhverfisvænna og laust við grimmd, heldur hafi feldur þeirra líka þann kost að vera



» Frumum er blandað saman við lífvirk efni og efni sem örva frumuvöxt og til verða vefir sem hafa að öllu leyti sömu eiginleika og dýrafeldur.

ekki ofnæmisvaldur. Í gegnum frumuræktun er nefnilega hægt að sníða vöruna algjörlega að kröfum hvers og eins og sleppa þannig við ýmsar neikvæðar hliðar.

Fyrirtækið segir að Furoid svipi til nýlegra tilrauna fyrirtækja sem stunda frumuræktun til að búa til mat eins og kaviár, foie gras og wagyú-nautakjöt án þess að skaða dýr, svo að fólk þurfi ekki að hafa samviskubít þegar það smakkar eða notar það allra besta.

## Vilja líka gera ull

Geneus Biotech er líka að framleiða ull með sömu tækni og feldinn og hefur sótt um einkaleyfi á ferli sínu. Þó að loðfeldir séu meira notaðir í hátískufatnaði er eftirspurnin eftir ull gríðarmikil á heimsvísu og hún er til dæmis




Geneus Biotech þrívíddarprentar ræktaða vefi í lífefni, sem er eins og ekta loðfeldur.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

notuð í fatnað, teppi, einangrun og bólstrun. Gert er ráð fyrir að verðmæti heimsmarkaðarins með ull fari yfir 48 milljarða dollara fyrir lok þessa áratugar.

Það kunna að vera vaxtartækifæri í markaðssetningu staðgengils fyrir ull, því afar fá fyrirtæki eru að reyna að framleiða slíka vöru og sérfræðingar segja að þeir sem vilja hasla sér völl á markaðnum fyrir staðgengla vinsælla efna ættu að snúa sér að silki, ull, dún, feldum og fágætum skinnnum. Stefna Geneus Biotech rímar við þetta og fyrirtækið leitar nú að frekari fjármögnun til að geta hafið sölu á Furoid. ■



Á þessari mynd má sjá fyrstu frumgerðina að Furoid þar sem hárekkir festust við jafngildi húðar.

MYND/FUROID.COM



glíf  
Bubbi Morthens  
Söngleikur



Hlátur, grátur  
og gæsa húð

★★★★★

Í þessum fimm stjörnu stórsöngleik leggja leikarar, dansarar og tónlistarmenn allt í sölurnar við leitina að Bubbanum í okkur öllum. Tryggðu þér miða á ógleymanlega upplifun – yfir 18.000 miðar seldir!

borgarleikhus.is

Miðasala: 568 8000



**TRI**

**CUBE**



**CASTELLI**



**CUBE 2022**

**FORPÖNTUN**

**WWW.TRI.IS**



**DT SWISS**

**DT SWISS**

TRI VERSLUN  
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík  
Sími: 571-8111 Netfang: info@tri.is

Verslunin er opin:  
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00  
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00



## Bílar & Farartæki



### PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)



Nýr 2021 Hyundai Kona EV Premium rafmagnsbíll með 64 kWh rafhlöðu. Raun drægni um 380 km. Flottasta typra með leðri og glertopplúgu. + fullt af öðrum lúxus. Nýtt útlit. 5 litir á staðnum. Til afhendingar strax! Okkar verð aðeins: 5.790.000,-

Sparibíll ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)

## Þjónusta

### Rafvirkjun

Dyrasímar-ljósleiðari-loftnet. Viðhald og endurnýjun Rafeindameistarinn ehf s. 898 4484

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.  
S. 663 0746.

Töfluskripti, myndasímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Bókhald

### FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjódum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma  
8548080/5168080  
[retta.is](http://retta.is)  
[olafur@retta.is](mailto:olafur@retta.is)



## Garðyrkja



- » Jarðvinna
- » Drenlagir
- » Hellulagir
- » Þökulagir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780  
[prostone@prostone.is](mailto:prostone@prostone.is)

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Húsviðhald



- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780  
[prostone@prostone.is](mailto:prostone@prostone.is)

## FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Keypt & Selt

### Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

[WWW.GEYMSLAEITT.IS](http://WWW.GEYMSLAEITT.IS)

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

Ábendingahappinn má finna á  
**BARNAHEILL.IS**



## Lóð undir frístundahús

